

AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVEJIAHREPPS 2017-2029

Forsendur og umhverfisskýrsla

02.05.2019

Breytt 16.09.2019



UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

2272-014-SKY-001-V02

TITILL SKÝRSLU

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Gildandi skipulag.....	4
1.2	Efnistöð.....	4
2	STAÐHÆTTIR	4
2.1	Landslag / Jarðfræði.....	5
2.2	Jarðhiti.....	9
2.3	Gróðurfar, landgræðsla og skógrækt.....	9
2.4	Grunnvatn og lindasvæði	12
2.5	Þjóðlendur	13
2.6	Veður	15
2.7	Dýralíf	16
2.8	Náttúruvá	17
2.8.1	Jarðskjálftar	17
2.8.2	Eldvirkni	18
2.8.3	Flóð / Landbrot.....	18
2.8.4	Aðrar náttúruhamfarir	20
2.9	Hlunnindi	21
2.9.1	Veiði.....	21
2.9.2	Hagnýt jarðefni	21
2.10	Verndarsvæði	21
3	ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ	22
3.1	Íbúapróun, aldursdreifing og íbúaspár	22
3.2	Atvinna	23
3.3	Ferðaþjónusta.....	25
3.4	Opinber þjónusta og samstarf sveitarfélaga.....	29
4	UMHVERFISSKÝRSLA	31
4.1	Tengsl við aðrar áætlanir	31
4.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026.....	31
4.1.1	Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 - 2020	35
4.2	Aðferðarfræði umhverfismats.....	38
4.2.1	Vægi umhverfisáhrifa	38
4.2.2	Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið	39
4.2.3	Valkostir og vinsun kosta	40
4.3	Umhverfismat	41
4.3.1	Frístundabyggð	41
4.3.2	Byggingar á landbúnaðarsvæðum	42
4.3.3	Verndun landbúnaðarlands í flokki I og II	43
4.3.4	Skógrækt.....	44
4.3.5	Uppgræðsla á verndarsvæðum í Þjórsárdal	44
4.3.6	Ferðaþjónusta í Þjórsárdal.....	47
4.3.7	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	49
4.3.8	Iðnaðarsvæði	50
4.3.9	Stakar framkvæmdir	52
4.3.10	Efnistökusvæði	53
4.3.11	Samgöngur.....	53
4.3.12	Þéttbýli í Árnesi.....	55

4.4	Tilkynninga- eða matsskyldar framkvæmdir á skipulagstímabilinu.....	56
5	HEIMILDIR.....	57

1 INNGANGUR

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur varð til við sameiningu Skeiðahrepps og Gnúpverjahrepps þann 9. júní 2002 og vinnur nú sitt annað aðalskipulag. Skeiða- og Gnúpverjahreppur er austasta sveitarfélagið í uppsveitum Árnessýslu, á milli Hvítár/Stóru-Laxár og Þjórsár og nær norður í Hofsjökul. Syðst mætir sveitarfélagið Flóahreppi. Sveitarfélagið er um 2.230 km² að stærð¹. Íbúar í sveitarfélaginu öllu voru 520 þann 1. janúar 2018.

Landslag í sveitarfélaginu er fjölbreytt, syðst er það fremur flatt en eftir því sem norðar dregur setja fell og klettaholt mikinn svip á landið. Láglandið er víða vel fallið til landbúnaðar en ræktunarskilyrði eru misjöfn, einkum á Skeiðunum þar sem víða er stutt niður á Þjórsárhraunið. Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur yfir að ráða tveimur afréttum; Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti. Flóahreppur og Árborg hafa upprekstrarétt á Flóa- og Skeiðamannafrétt ásamt Skeiða- og Gnúpverjahreppi en Skeiða- og Gnúpverjahreppur fer með stefnumörkun fyrir afréttina.

Helstu atvinnuvegir eru landbúnaður, iðnaður og þjónusta, sérstaklega við ferðamenn en ferðaþjónusta er, líkt og víðar, ört vaxandi atvinnugrein.

Í þessari samantekt er fjallað um helstu forsendur sem liggja að baki stefnumörkunar í aðalskipulagi og einnig er fjallað um hugsanleg umhverfisáhrif af stefnunni og bornir saman mismunandi valkostir. Aðalskipulaginu er ætlað að tryggja góð lífsskilyrði fyrir íbúa, efla byggð og atvinnulíf og stuðla að hagkvæmri þróun landbúnaðar, m.a. með því að vernda gott landbúnaðarland.

1.1 GILDANDI SKIPULAG

Í gildi er Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 – 2016 sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 6. apríl 2006. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á skipulaginu frá því það tók gildi. Í dreifbýlinu snerust langflestar breytingarnar um að landbúnaðarsvæði var breytt í svæði fyrir frístundabyggð, en einnig voru gerðar breytingar vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar, byggingar virkjana í neðrihluta Þjórsár og vindmylla á Hafinu norðan Búrfells, auk breytinga í þéttbýlinum.

1.2 EFNISTÖK


Fjallað er um staðhætti í sveitarfélaginu (kafli 2) s.s. veðurfar, náttúru og dýralíf. Einnig er fjallað um náttúruvá (kafli 0) en Skeiða- og Gnúpverjahreppur er á jarðskjálftasvæði og Þjórsá, Hvítá og Stóra-Laxá geta flætt yfir bakka sína þegar mikil úrkoma og leysingar fara saman. Minnst er á hlunnindi (kafli 2.9) og gerð grein fyrir verndarsvæðum (kafli 2.10), s.s. friðlýstum svæðum og fornminjum.

Í kafla 3 er yfirlit yfir íbúapróun í sveitarfélaginu og gerð grein fyrir fjölda búfjár, atvinnu og ferðaþjónustu. Þá er opinber þjónusta og samstarf sveitarfélaga stór þáttur í öllum samfélögum (kafli 3.4).

Umhverfisáhrifum af breyttri stefnu aðalskipulagsins eru gerð skil í 4. kafla og bornir saman mismunandi valkostir fyrir helstu stefnumarkana.

2 STAÐHÆTTIR

Sveitarfélagið liggur á milli Stóru-Laxár og Hvítár í vestri og Þjórsár í austri og tilheyrir uppsveitum Árnessýslu. Að vestan fylgja hreppamörkin Hvítá og síðan Stóru-Laxá í Laxádrög og þaðan í Eystra-



Mynd 1. Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

¹ (Landmælingar Íslands, 2014).


Rjúpnafell, Lambafell, Kisufell, Þverfell og í Hofsjökul². Sveitarfélagið liggur að Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi, Akrahreppi, Eyjafjarðarsveit, Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Í sveitarfélaginu eru tveir þéttbýliskjarnar; Árnes og Brautarholt.

Tveir afréttir tilheyrja sveitarfélaginu; Flóa- og Skeiðamannaafréttur, um 800 km² og Gnúpverjaafréttur, um 480 km². Flóa- og Skeiðamannaafréttur liggur milli Stóru-Laxár og Fossár og frá drögum Fossár í Flóamannaöldu, vestan Norðlingaöldu og beina línu í Arnarfell. Hann er um 10-15 km breiður og um 70-80 km langur. Gnúpverjaafréttur liggur austan við Flóa- og Skeiðamannaafrétt og að Þjórsá. Hann er einhver lengsti afréttur landsins, um 80 km langur en aðeins um 5 – 10 km breiður.³

2.1 LANDSLAG / JARÐFRÆÐI

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er gróin sveit. Syðst er landið tiltölulega flatt og blautt á köflum en eftir því sem norðar dregur hækkar landið og lág fjöll og klappir eru þar víða með graslendi í lautum og lægðum. Láglandið er grösugt og vel fallið til landbúnaðar en þó er víða stutt niður á hraun, einkum syðst. Undirlendi minnkar eftir því sem norðar dregur þar sem bæir eru utan í hlíðum og landið sums staðar fremur bratt.

Upplýsingar um jarðfræði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hér á eftir eru að mestu leiti fengnar úr umfjöllun Ágústar Guðmundssonar í Árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1996, Ofan Hreppafjalla.



Mynd 2. Búrfell í Þjórsárdal.

Landslag í sveitarfélaginu einkennist af hlíðabeltinu á mörkum Suðurlandsundirlendisins og miðhálandisins. Flest öll fell og hryggir á þessu landsvæði hafa lengdarstefnu í NNA-SSV. Á þessum mörkum hálandis og láglandis setja fell og ásar, sem ganga ofan af hálandinu niður í byggðina, svip sinn á landslagið.

Syðsti hluti sveitarfélagsins er flatlendur en þó setja sérstæðir vikurhólar svip sinn á landslagið frá Stóru-Laxá vestur að Hvítá í landi Reykja. Þetta eru Bæjarhóllinn, Hjáleiguhólarnir í Vorsabæ, Ullarhóllinn, Þorleifshólarnir í Miðbýlislandi og Gvendarhóllinn í Fjallslandi. Talið er að vikurinn hafi komið úr

tveimur Heklugosum fyrir um 3-4 þúsund árum síðan. Vörðufell gnæfir yfir sunnanvert sveitarfélagið, um 391m hátt og uppi á því er Úlfsvatn.

Helstu fjöll í ofanverðu sveitarfélaginu eru Skarðsfjall, Hlíðarfjall, Skaftholtsfjall, Núpsfjall, Hagafjall og Búrfell í Þjórsárdal. Byggð í efri hluta sveitarfélagsins liggur í u.þ.b. 70-140 metra hæð yfir sjávarmáli, en einstaka býli er þó í u.þ.b. 230 m.y.s⁴.

Berggrunnur austurhluta Árnessýslu og vesturhluta Rangárvallasýslu er að nokkuð jöfnu leyti úr basalti og móbergi og er nokkuð vel vatnspéttur en úrkoma rennur að mestu af svæðinu sem yfirborðsrennsli⁵. Þessi berggrunnur er kenndur við svonefnda Hreppamyndun. Móbergsfjöll eru áberandi í Árnessýslu en öll há og brött fjöll í sýslunni eru hlaðin upp úr móbergi, mynduð við eldgos undir jökli. Móbergsfjöllin skiptast í stapa og hryggi og eru nokkur dæmi um báðar gerðirnar fyrir ofan byggðina⁶.

² (Ágúst Guðmundsson, 1996)

³ (Ágúst Guðmundsson, 1996).

⁴ (Milli Fjalls og fjöru, 2006).

⁵ (Haukur Tómasson, 1961).

⁶ (Haraldur Matthíasson, 1961).

Eldri grágrýtismyndun er hvergi víðáttumeiri en í Hreppunum og í fjöllum er grágrýti og alls konar molaberg, gosmöl, vatnaset og jökulruðningur til skiptis. „Hreppafjöllin eru yfirleitt lág 200-300 m yfir sjávarmáli, og mynda skörðótta frambrún en fara jafnt hækkandi inn til landsins“⁷. Jarðlögum hallar til beggja hliða út frá hallaskilum sem liggja til norðausturs um Hreppafjöllin, nærri Stóru-Laxá. Vestan við skilin hallar jarðlögum til vesturs en austan við þau hallar þeim til ýmissa átta. Hryggur með elstu berglögum er í miðju skilanna en yngri berglög eru sitt hvoru megin við.



Mynd 3. Sérstæð berglög sjást þar sem Háifoss steypist fram af hálendisbrúninni í Þjórsárdal.

Sérstæð kubbabergslög er víða að finna við hálendisbrúnina og stinga þau í stúf við berglög Hreppamyndunarinnar. Hraunið er grófstuðlað að neðan en fínstuðlað að ofanverðu og bendir það til þess að hraun hafi runnið um árfarveg og stíflað hann um hríð þar til vatnið braust fram yfir hraunið og kældi það snögglega ofanfrá. Þessi kubbabergslög eru m.a. greinileg í Hlíðarfjalli, í Skarðsfjalli og í Þjórsárholti.

Búðaröðin, sem kennd er við fossinn Búða í Þjórsá, eru jökulgarðar eða öldur sem taldir eru merki um afturkipp í hörfun Ísaldarjökulsins. Hana má rekja frá Vatnsdalsfjalli í Fljótshlíð að Efstadalsfjalli í Laugardal. Einna greinilegust er hún við fossinn Búða í Þjórsá en er einnig greinileg í Reykjadal í Hrunamannahreppi og við Bræðratungu þar sem Hvítá hefur brotið sig í gegnum hana. Þetta var fyrir um 10.000 árum, við lok Ísaldar. Sjá má merki um að sjórinn fylgdi jökulröndinni eftir. Búðaröðin er úr „samanböggluðum sjávarlögum undir jökulruðningi, og þar má finna hrúðurkarlabrot í um 90 m y.s.“⁸.

Flóa- og Skeiðamannaafréttur er fremur víðlendur og liggur að mestu leiti í 600 – 800 m hæð. Syðst á afréttinum eru byggðafjöllin, háir múlar sem eru skornir sundur af giljum. Innar taka við grjóthálsar og lækjarðrög sem liggja yfirleitt frá norðaustri til suðvesturs. Gnúpverjaafréttur er fremur sléttlendur en langir ásar liggja frá norðaustri til suðvesturs og lækka þegar kemur nær Þjórsá en að henni hallar allt landið. Þegar innar kemur á afréttinn taka við gróðurlausir sandar og melar allt inn í Þjórsárver.



Mynd 4. Þjórsáhraunið er greinilegt neðst á Skeiðunum. Hestfjall í baksýn.

⁷ (Ágúst Guðmundsson, 1996).

⁸ (Guðmundur Kjartansson, 1952).

Þjósárhraunið mikla

Eitt mesta hraungos á jörðinni síðustu 10 þúsund árin varð í nágrenni Veiðivatna fyrir um 8.700 árum⁹. Í því rann svokallað Þjósárhraun eftir hinum forna farvegi Þjósár og fyllti hann. Því nær öll Landsveitin er á þessu hrauni og væn sneið af Gnúpverjahreppi, öll Skeiðin, nema Vörðufell¹⁰. „Aðalflaumurinn hefur fylgt farvegi Þjósár, flætt umhverfis Þjósárholtsholt og Skaftholtsfjall og að Búðaröðinni hjá Stórahöfi. Í hana eru tvö tiltölulega mjó skörð; við Búða og Kálfá. Um þau hefur hraunið flætt í stríðum strengjum og síðan breitt sig út yfir Skeið og Flóa“¹¹. „Alla leið frá upptökunum hefur meginstraumurinn farið eftir eða meðfram farvegum stóranna, fyrst Tungnaár og síðan Þjósár og flæmt þær úr farvegum sínum. Árnar hafa runnið þar sem hraunið er þykkast eða undir dýpsta ál þess. Vart er að efa, að áður en hraunið kom til sögunnar, hefur Hvítá runnið fram fyrir austan Vörðufell og í Þjósá þar sem nú eru Skeiðin. Síðan hefur hraunið ýtt þeim sundur og kastað Hvítá norður fyrir Vörðufell, þar sem hún bjó sér nýjan farveg alla leið þaðan til sjávar, víðast hvar meðfram hraunjaðrinum“¹². Þjósá og Hvítá renna meðfram jöðrum hraunsins sitt hvorum megin og farvegir þeirra eru víðast hvar á hrauninu¹³.

Hraunið er óvída sýnilegt, jarðvegur ofan á því er víða 1 til 3 metrar að þykkt. Syðst í sveitinni, við mörk Flóahrepps, liggur Merkurhraun þar sem Þjósárhraunið hefur náð að hrannast upp. Hraunið er einnig sýnilegt í landi Vorsabæjar, þar sem það nefnist Gráhelluhraun¹⁴. Meðalþykkt hraunsins er um 22 m¹⁵ og þykkast er það í landi Árhrauns, um 40 m¹⁶. Tvö holt standa upp úr hrauninu á Skeiðunum, Húsatóftaholt og Háholt¹⁷ og Reykjahóll. Það er dæmigert sprunguhraun sem virðist hafa runnið í samfelldum straumi og verið nokkuð þunnfljótandi þrátt fyrir þykkt þess. Bergtegund hraunsins er þóleiit sem er algengasta basalttegundin á Íslandi. Slétt helluhraun og úfið apalhraun skiptist á¹⁸. Hraunið er auðþekktanlegt á hvítum dílum sem eru í því en það eru s.k. feldspatkristallar. Það er nokkuð úfið á köflum á Skeiðunum og sums staðar er það ófært hrossum s.s. í landi Kílhrauns. Örnefni eins og Merkurhraun, Svínahraun, Gráhelluhraun, Hraunsnef, Illugrjót, Gráhella og Klofsteinar lýsa landslaginu og stökum klettum sem standa upp úr Þjósárhrauninu¹⁹.

⁹ (Árni Hjartarson, 1988).

¹⁰ („Hið mikla Þjósárhraun“, 1951).

¹¹ (Árni Hjartarson, 1988).

¹² („Hið mikla Þjósárhraun“, 1951).

¹³ (Árni Hjartarson, 1988).

¹⁴ (Milli Fjalls og fjöru, 2006).


¹⁵ (Árni Hjartarson, 1988).

¹⁶ (Jón Eiríksson, 2008).

¹⁷ (Gísli Gestsson, 1956).

¹⁸ (Árni Hjartarson, 1988).

¹⁹ (Jón Eiríksson, 2008).



Mynd 5. Þjórsárhraunið mikla, rauði liturinn sýnir hvar enn sést í hraunið en guli sýnir hvar yngri hraun hafa hulið það. Kort Guðmundar Kjartanssonar um 1960.

Þjórsárdalur

Þjórsá er lengsta á landsins, jökulá sem rennur úr Hofsjökli. Við hana er Þjórsárdalur kenndur en hann er við frambrún hálandisins, langur dalur sem liggur frá norðri til suðurs. Dalurinn afmarkast af Búrfelli í austri og Hagafjalli í vestri og Þjórsá rennur þvert fyrir minni dalsins. Háir ásar ganga fram í dalinn og Rauðukambar og Reykholt skipta honum í tvennt að innanverðu. Hlíðin frá Rauðukömbum inn að Háafossi er afar litskrúðug og stafar liturinn af ummynduðu móbergi sem jarðgufur hafa felld út en jarðhiti er í Reykholtshver við suðurenda Rauðukamba. Í Rauðukömbum er einnig líparít²⁰.

Milli Stangarfjalls og Skeljafjalls víkkar dalurinn nokkuð til austurs og þar inn með er slakki milli fjallanna sem heitir Gjáin og um hana rennur Rauðá. Niður eftir svokölluðu Hafi, niður Gjána og yfir eystri hluta Þjórsárdals rann hraun sem kennt er við Tungnaárhraun, fyrir um 8000 árum. Þegar kom niður á láglandi Þjórsárdals rann hraunið yfir votlendi eða grunnt vatn. Hraunið hefur þar sprungið upp í gervígiga og setja þeir mikinn svip á dalinn.

Í eystri botni Þjórsárdals er Háifoss, um 122 m hár og tignarlegur foss í Fossá sem rennur fram eftir dalnum. Framar í dalnum er annar foss í ánni rétt við Þjórsárdalsveg, Hjálparfoss og þangað sækja margir ferðamenn enda aðgengi gott.



Mynd 6. Stöng í Þjórsárdal

Í Dímon, í vestari hluta dalsins, má sjá lagskipt hraunlög sem hafa risið upp á endann. Er talið að það hafi gerst þegar hluti af barmi sigketils sem myndaðist í megineldstöð hafi sporðreist. Talið er að þessi megineldstöð hafi verið virk fyrir um tveimur milljónum ára. Í Dímon eru einnig svokallaðir kubbabergsklettur. Jarðmyndanir í Vegghamri, rétt innan við Dímon, eru áþekkar og í Dímon. Í dalbotninum eru keilugangar í litríku móberginu en slíkir gangar eru algengir nálægt miðju megineldstöðva.

²⁰ (Ágúst Guðmundsson, 1996).

Skeiðaáveita


Árið 1917 hófust framkvæmdir við Skeiðaáveitu. Skurðakerfi hennar er rúmlega 65 km langt og þar af voru handgrafnir skurðir um 61 km²¹. Aðalskurður Skeiðaáveitunnar er fyrsti vélgrafni skurðurinn á Íslandi. Flóðgáttin er steinsteypt og er í landi Sandlækjar við Murneyrar og þaðan liggur aðalskurðurinn²². Vatni var hleypt á áveituna í lok maí árið 1924 en með tilkomu vatnsveitu um 1970 var hætt að veita vatni um áveitulöndin og flóðgáttinni var lokað árið 1975²³.

2.2 JARÐHITI

Jarðhita gætir nokkuð víða á Skeiðunum og þar hefur verið borað eftir heitu vatni á nokkrum bæjum (sjá kafla 2.5.2 í greinargerð með aðalskipulagi). Þá er jarðhita að finna í landi Laxárdals, Geldingaholts og Þjósárdalsholts. Örnefni í sveitarfélaginu sem vísa til jarðhita eru meðal annars Laugin, Laugarmýri og Hverhóll.

Reykholtshver er framan í Rauðukömbum í Þjósárdal og þar skammt frá, í Reykholti, var byggð sundlaug um 1980. Hverinn er heitur og nokkuð vatnsmikill.

Á hálendinu er einnig að finna jarðhita og volga læki t.a.m. í Nauthaga og við Ólafsfell.



Mynd 7. Reykholt í Þjósárdal.

2.3 GRÓÐURFAR, LANDGRÆÐSLA OG SKÓGRÆKT

Gróðurfur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er tiltölulega flatlendur sunnan til og þar eru gróðursælar sléttur, oft mýrlendar. Megnið af byggðinni neðan 200 m.y.s. er gróið. Norðan til og austar er landið hærra og þar eru holt og lág fjöll með grasgefnum lægðum. Þó eru þar víða góðir möguleikar til ræktunar túna sérstaklega, en landið hentar einnig vel til beitar og/eða skógræktar.

Á Skeiðunum eru á nokkrum stöðum sendin svæði sem í sumum tilvikum er búið að rækta upp til landbúnaðarnota. Á þetta einkum við nálægt Þjósá og Stóru-Laxá.

Í heild er tæplega þriðjungur af afréttarsvæðinu milli Þjósár og Hvítár gróið land og hæðarmörk gróðurs þar eru í um 600 m. Því meira sem landið lækkar að Þjósá verður landið grónara. Á Gnúpverjafrétti þekur gróður um 40 – 50% af flatarmáli afréttarins og þar er gróðurlendið tvískipt. Annars vegar er um 3 – 4 km breitt gróðurlendi meðfram Þjósá frá suðurmörkum afréttarins og að Fjórðungssandi innan við ána Kisu og hins vegar í Þjósárverum. Fjórðungssandur er að mestu ógróinn nema í Eyvafeni og Hnífaveri en þaðan liggur nær óslitið gróðurbelti alla leið inn í Þjósárver. Í Þjósárverum er um þriðjungur af gróðurlendi afréttarins. Algengustu gróðurlendin á afréttinum eru votlendi og mosapemba en samtals taka þessi gróðurlendi yfir um 65% gróðurþekjunnar. Um helmingur votlendisins er í Þjósárverum og nær öll mosapemban er sunnan við Fjórðungssand. Kvistlendi og stinnastör í hálfgrasamóum þekja um þriðjung af grónu landi. Blómlendi er ósamfellt og er samtals um 6 ha.

²¹ (Jón Eiríksson, 2008).


²² (Gylfi Guðmundsson, 2012).

²³ (Jón Eiríksson, 2008).

Á Flóa- og Skeiðamannafrétti þekur gróður um fjórðung af flatarmáli afréttarins enda liggur hann nokkuð hátt yfir sjó. Þar eru algengustu gróðurlendin mosabemba (um 46%), stinnastaramói (um 34%) og votlendi sem þekur um 7% af landinu. Blómlendi er ósamfelt og er samtals um 2 ha²⁴.

Skógrækt

Nokkrar jarðir eru í skógrækt og/eða skjólbeltarækt undir merkjum Skógræktarinnar. Skógur og skjólbelti hjálpa til við að mynda skjól, eru til mikillar þrýði og geta dregið úr hávaða, t.d. frá umferð. Hins vegar geta skjólbelti orsakað meiri snjósöfnun á vegum og byrgt öikumönnum sýn við gatnamót svo huga ber vel að staðsetningu þeirra við skipulagningu og áætlanagerð. Árið 2016 voru 38 jarðir með samning við Skógræktina. Skjólbeltarækt er stunduð á 25 jörðum og hefur lítið fjölgað frá árinu 2005. Skógrækt undir merkjum Skógræktarinnar er stunduð á 18 jörðum. Á fjórum jörðum er bæði stunduð skógrækt og skjólbeltarækt.




Mynd 8. Fjöldi jarða í skógrækt og skjólbeltarækt undir merkjum Skógræktarinnar (Heimild: (Suðurlandsskógar, 2016).

Talið er að mikill skógur hafi verið í Þjórsárdal við landnám en þar sem byggð var þéttust í dalnum eyddust skógar vegna skógartekju. Í dag er gróðursælasta svæði Þjórsárdals í dalkróknum hjá Ásólfstöðum og Skriðufelli, ásamt Búrfellsskógi. Í Gjánni og á Kjóaflöt er einnig gróðursælt en í Gjánni er mikið hvannastóð í kringum uppsprettur en einnig margar tegundir mosa og grasa. Á söndunum við Þjórsá eru miklar lúpínubreiður og eins er farið að bera á birkikjarri þar.

Upplýsingar um skógrækt í Þjórsárdal eru fengnar frá Hreini Óskarssyni hjá Skógræktinni. Skógrækt ríkisins (nú Skógræktin) keypti jörðina Skriðufell í Þjórsárdal árið 1938 og stóran hluta Ásólfstaðalands árið 1962. Með þeim kaupum hófst beitarfriðun Þjórsárdals. Þá var um 200 ha birkikjarr á jörðunum auk þess sem hávaxnari birkiskógur var á blettum. Markmiðið með kaupunum var að friða birkiskóga og gera tilraunir með ræktun nytjaskóga. Nú eru um 600 ha birkiskóga og kjarrs á svæðinu, auk um 300 ha af nýgræðum af birki á vikrunum sem hafa verið græddir upp á síðustu áratugum. Um 450 ha af nytjaskógi eru nú á svæðinu til viðbótar við birkið. Um 1947 var hafist handa við að gróðursetja barrtré í skjóli birkitrjána. Svæðið er girt af og liggur girðing frá Reykholti, yfir Skeiðamannahólma, upp hjá Gjánni og þar upp að Þjórsárdalsvegi og fylgir honum inn í Landgræðslusvæði við Sultartanga, innst á Hafinu. Heildarflatarmál bæði eignar- og umsjónarsvæðis Skógræktarinnar er nú tæplega 5000 ha; Skriðufell innan girðinga 3556 ha, Skriðufell utan girðinga 445 ha og Ásólfstaðir innan girðinga 820 ha. Utan girðinga eru um 156 ha. Frá árinu 1991 hefur Landsvirkjun unnið að skógrækt, í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarfélag Árnesinga, í vestanverðu Búrfelli, frá Búrfellsvirkjun að Búrfellsskógi. Stærð þess svæðis sem plantað hefur verið í er um 120 ha, mestmegnis hafa verið gróðursettar birkiplöntur. Áður var þetta svæði rýrt og gróðurlítið.

²⁴ (Ágúst Guðmundsson, 1996).

Hekluslógvæðing var stofnað með samningi Landgræðslunnar, Skógræktarinnar og Fjármála- og Umhverfissráðuneytis árið 2007. Markmið verkefnisins er að endurheimta birkikjarr/skóg til jarðvegsverndar. Því er verkefnið skilgreint sem landgræðsla með birki og er meiningin að birkið sái sér út frá



Mynd 9. Gula línan sýnir svæði Skógræktarinnar í Þjórsárdal, rauða línan er landgræðslugirðing og græna línan afmarkar svæði Hekluslóga. Landgræðslugirðing og skógræktarsvæði skarast. Heimild: Landgræðslan og Skógræktin.

þeim trjálandum sem gróðursettir verða í svæðin. Starfssvæði innan Skeiða og Gnúpverjahrepps markast af Sandá í vestri, skógræktar/afreittargirðingunni, upp í Gjána og svo af Rauða upp í landgræðslugirðingu sem nær yfir í inntak Sultartangavirkjunar. Stærð svæðisins er um 87 km². Engar skuldbindingar eru lagðar á þá aðila sem eru innan svæðisins, en landeigendur innan starfssvæðisins eiga kost á að taka þátt í því og fá afhentar plöntur. Verkefnið sjálf stendur einnig fyrir gróðursetningu og uppgræðslu innan starfssvæðisins, aðallega á starfssvæðum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar, en einnig á þjóðlendum.

Landgræðsla

Landgræðslusvæði í Þjórsárdal og nágrenni eru á Hafinu og við Sandafell á Gnúpverjafrétti, í Sámsstaðamúla, í hlíðum Búrfells og umhverfis Búrfellsvirkjun, meðfram Þjórsárdalsvegi milli Sandár og Fossár og við Reykholt og Sandártungu. Svæðið er girt af með landgræðslugirðingu. Upp úr árinu 1960 hófst uppgræðsla með lúpínu á vikrunum í Þjórsárdal. Fyrstu árin var notast við flugvélar þar sem bæði var dreift áburði og sáð grasfræi. Síðustu árin hefur einnig verið unnið að því að loka rofbökkum og jarðvegssárum með heyrúllum, áburði og fræi. Frá upphafi landgræðslu á svæðinu hefur þess verið gætt að nota ekki lúpínu á Hafinu né við Rauða til að koma í veg fyrir að hún berist í vatnasvið Rauðar og fari að breiða úr sér í Gjánni.

Einnig er unnið að uppgræðslu eftir landbóta- og landnýtingaráætlun á Gnúpverjafrétti og Flóa- og Skeiðamannafrétti, og er sú uppgræðsla styrkt af Landbótasjóði. Landbótafélag Gnúpverja hefur fengið úthlutað styrkjum úr Landbótasjóði undanfarin ár og hefur einkum verið unnið að uppgræðslu við Sandafell, Rauða og í Skúmstungum. Landgræðslan stendur að verkefni sem kallast „Bændur græða landið“ og

miðar að því að bændur stundi uppgræðslu á sínum jörðum. Nokkrir bændur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru þátttakendur í þessu verkefni.



Mynd 10. Unnið að uppgræðslu í Þjórsárdal. Mynd: Sigbrúður Jónsdóttir.

2.4 GRUNNVATN OG LINDASVÆÐI

Syðsti hluti sveitarfélagsins er nokkuð mýrlendur en hefur verið ræstur fram að stórum hluta síðustu ár. Um aldamótin 1900 er talið að samfellt votlendi hafi legið frá Merkurhrauni og allt norður umhverfis Vörðufell og að sandsvæðunum við Sandlæk. Eina heildstæða votlendið er í Höfðaveitum, milli Hvítár og Vörðufells, og er það svæði á Náttúruminjaskrá²⁵. Milli fjallanna falla ár, sums staðar í alldjúpum gljúfrum eins og t.d. Stóra-Laxá, og leynast sums staðar fallegir fossar og flúðir í þeim. Uppsprettulindir koma einnig undan fjöllum og hæðum og mynda læki niður til ána.

Við Búðafoss koma lindasprænur upp úr hörðum jökulruðningi. Þessar lindir liggja nálægt sprungustefnu frá Vindáslaugum sem eru handan Þjórsár. Þá koma lindir undan hrauninu við Kálfá á tveimur stöðum ofan brúar að Stóra-Hofi²⁶.

Lindasvæði eru einnig við hálandisbrúnina s.s. við Rauðá, Hjálparfoss og Sandá. Rauðá hverfur ofan í hraun nærri Sandfelli og kemur fram undan því, í enda Hellisskógaglúfurs, í formi lindar. Við Gjáfoss er vatnsmikið lindasvæði sem fellur í fallegum fossum ofan í Gjána. Við Hjálparfoss kemur fram vatn sem hefur lekið úr Fossá ofan í Þjórsárdalshraunið. Hjálparfoss rennur fram af hraunbrúninni og þar koma lindir fram og hluti þeirra fellur í Fossá en sumar renna í lækjum um eyrarnar neðan við Búrfellsbyggðina. Inn með Sandá, vestan við Reykholt, er jaðar Þjórsárdalshraunsins grafinn í sand og vikur. Bergólfstaðaá og Grjótá hverfa báðar ofan í sandinn þegar rennsli er lítið og koma svo fram í lindum á söndunum nokkru neðar.

Á hálandinu eru helstu votlendissvæðin í Þjórsárverum en þar er grunnvatnsstaða mjög há og sírennsli um svæðið, ofan jarðar og neðan. Fjöldi lækja rennur frá Hofsjökli og tjarnir og pollar eru víða. Þjórsárver eru Ramsar svæði, þ.e. votlendi sem ber að vernda vegna alþjóðlegs mikilvægis þeirra.

Þá eru vatnsmiklar lindir víða á afréttunum s.s. undir Nautöldu. Á afmörkuðum svæðum á Gnúpverja-afrétti koma vatnsmiklar lindir upp um sprungur s.s. í Bjarnalækjarbotnum og við Norðlingaöldu²⁷.

Helstu þverár Þjórsár á hálandinu eru Fremri- og Innri Skúmstungnaá, Gljúfraá, Geldingaá, Hölná, Dalsá, Miklilækur, Kísa, Eyvafenskvísl og Hnífá. Aðrar ár á afréttum eru Fossá og þverár hennar og fjölmargar þverár áður nefndra áa. Helstu vötn á afréttunum eru Helgavatn og Rjúpnafellsvatn auk nokkurra minni vatna²⁸.

²⁵ (Milli Fjalls og fjöru, 2006).

²⁶ (Árni Hjartarson og Freysteinn Sigurðsson, 1988).

²⁷ (Ágúst Guðmundsson, 1996).

²⁸ (Ágúst Guðmundsson, 1996).

2.5 ÞJÓÐLENDUR

Þjóðlendir eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendir gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta²⁹. Samkvæmt skilgreiningu laganna er þjóðlenda „*landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi*“.

Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna.

Samkvæmt 3. gr. ofangreindra laga um þjóðlendir má enginn „*hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi*“ án leyfis og að uppfylltum skilyrðum laga. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutað-eigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu þarf leyfi forsætisráðherra nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Lög um þjóðlendir raska ekki slíkum réttindum en samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttar-eign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Í máli nr. 6/2000 úrskurðar óbyggðanefnd um Flóa- og Skeiðamannaafrétt. Land innan eftirfarandi merkja er þjóðlenda og afréttur Flóa- og Skeiðamanna skv. úrskurðinum:

„Frá þeim stað við Stóru-Laxá, sem afmarkast af beinni línu með stefnu milli Vestra-Lambafells og suðurenda Kaldbaksfjalls á norðvesturmörkum Laxárdals. Síðan eftir ánni allt inn í Laxárdrög, þaðan beint í nyrðra Rjúpnafell, þaðan beint í sömu stefnu allt inn að Hofsjökli. Suðurjaðri Hofsjökuls er fylgt í austur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá toppnum á Arnarfelli hinu mikla og hæst í Flóamannaöldu og þeirri línu fylgt suður í Örfahnjúk. Þaðan að upptökum Fossár norðaustanvert við Lambafell og Fossá allt að afréttargirðingu við Háafoss, vestan megin árinna. Síðan ræður girðingin áfram, þar sem hún liggur með Fossá, austan Rauðukamba, norðan Reykhólts og að kletti við Sandá norðan Háholtsskógar. Þá er landamerkjum efstu jarða í Gnúpverjahreppi fylgt svo sem hér segir: Frá kletti við Sandá norðan Háholtsskógar, upp eftir Sandá í Grjótá um Grjótá og Grjótárgljúfur. Frá Grjótárfossi sjónhending um Kistu í Hannesargljúfur og eftir gljúfrinu og Þverá að Grjótármynni þar sem Þverá og Grjótá fremri sameinast austan Geitafells. Þaðan sjónhendingu í Rauðafoss í Seljadal. Þaðan sjónhendingu í vörðu á vestri bakka Tungár í svonefndan fremri Krók við Tungá, norðan við Þverbrekknaglúfur, þaðan beina stefnu í vörðu fremst á Kálfafitjafjalli, á móts við Fitargil (fremra). Frá Fitargili upp í Þrengslin, og svo úr þeim beina línu vestur í Vatnsás, og úr honum aftur beina línu í Hrutafells hornið að norðan. Frá Hrutafelli beina stefnu í Vestra Lambafell. Úr Vestra Lambafelli til vesturs niður í Laxá, beina stefnu í fyrrnefndan punkt með stefnu á suðurenda Kaldbaksfjalls“³⁰.

²⁹ (Alþingi Íslands, 1998).

³⁰ (Óbyggðanefnd, 2002a).

Í máli nr. 7/2000 úrskurðar óbyggðanefnd um Gnúpverjaafrétt, Þjórsárdal og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi. Úrskurðarorðin eru eftirfarandi:

„Land innan eftirfarandi merkja er þjóðlenda og afréttur Gnúpverjahrepps:

Frá þeim stað þar sem Rauðá kemur í Fossá eftir Fossá að upptökum hennar norðaustanvert við Lambafell, þaðan er bein stefna í Örafahnúk, þaðan hæst í Flóamannaöldu, þaðan að jaðri Hofsjökuls í stefnu á toppinn á Arnarfelli hinu mikla og með fram jökuljaðrinum þar til kemur að Háöldukvísl. Hinni síðastnefndu er fylgt í Þjórsá. Síðan er Þjórsánni fylgt þar til kemur neðan við graslendi Sandafells. Þaðan er tekin bein lína yfir að Rauðá við Sandafell (Rauðárgljúfur) og síðan Rauðá í Fossá, svo sem áður sagði.


Land innan eftirfarandi merkja, þ.e. svokallað Búrfells- og Skeljafellsland, er þjóðlenda:

Eftir Þjórsá í Fossá og Rauðá, síðan Rauðá að Sandafelli (að Rauðárgljúfri) og þaðan beina línu í Þjórsá, neðan við graslendi Sandafells. og landgræðslusvæði í Þjórsárdal.

Land innan eftirfarandi merkja, þ.e. svokallað landgræðslusvæði Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal, er þjóðlenda:


Meðfram girðingu þeirri sem liggur úr kletti við Sandá norðan Háholtsskógar norður fyrir Reykholt austan Rauðukamba inn með Fossá að Háafossi. Þaðan suður eftir Fossá og síðan Þjórsá þar til kemur að Sandvikinu fyrir vestan Kolviðarhól. Þaðan sjónhending í hellustein austan undir Dímon og síðan Sandá að framangreindri girðingu³¹.

Á mynd 11 má sjá mörk þjóðlendna, ljós gulur fláki sýnir þjóðlendur á afrétti en grænir flákar sýna þjóðlendur í Þjórsárdal, annars vegar landgræðslusvæði í Þjórsárdal og hins vegar Búrfells- og Skeljafellsland, austan Fossár og Rauðár. Svört slitin lína sýnir mörk hálandis skv. landsskipulagsstefnu.



Mynd 11. Þjóðlendur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ljósbrún svæði eru þjóðlendur sem jafnframt eru afréttur. Græn svæði eru þjóðlendur sem eru ekki jafnframt afréttur. Sveitarfélagamörk eru rauð þykk lína, mörk þjóðlenda eru rauð mjó lína. Svört brotin lína sýnir mörk hálandis skv. landsskipulagsstefnu.

³¹ (Óbyggðanefnd, 2002b).




Mynd 12. Þjóðlendur og hálendismörk.

2.6 VEÐUR

Sjálfvirk veðurathugunarstöð hefur verið að Kálfhóli á Skeiðum og í Árnesi síðan 2003, á Búrfelli frá 1993 og í Setri síðan 1997. Þá hefur verið veðurstöð á Hæl síðan 1932. Þar var meðalhiti áráanna 1958 – 2011 3,9°C og meðalúrcoma áráanna 1949 – 2014 var 1.097,8 mm á ári³². Þess bera að geta að ekki liggja fyrir tölur fyrir öll árin.

Mynd 13 sýnir tíðni vindátta við Árnes frá árinu 2007. Vindurinn blæs inn að miðju vindrósarinnar og gefur mynd af því hvaða vindátt er ríkjandi á hverjum stað fyrir sig. Eins og sjá má eru austan og austnorðaustanáttir ríkjandi. Upplýsingarnar eru fengnar frá Veðurstofu Íslands.

³² (Veðurstofa Íslands, 2016).



Mynd 13. Vindrós við Árnes. Heimild: Veðurstofa Íslands.

2.7 DÝRALÍF

Villt spendýr í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru eins og víðast hvar á landinu minkar, refir og mýs en víða má finna greni í urðum, einkum á afréttunum. Fuglalíf er auðugt og margar tegundir mó- og vaðfugla verpa í sveitarfélaginu. Gæsir eru algengar og þá sérstaklega á afréttunum og rjúpur verpa víða á hálandisbrúninni. Smyrill finnst víða og einstaka sinnum bregður fyrir fálla. Þá hefur stöku snæugla sést á innanverðum Gnúpverjafrétti³³.

Þjósárver eru stærsti varpstaður heiðargæsa á Íslandi og í heiminum öllum. Árið 1970 voru þar um 11 þúsund hreiður og síðsumar það ár var fjöldi gæsa um 40 þúsund fuglar en síðan þá hefur stofninn margfaldast. Heiðargæs verpir víðar á afréttunum t.d. meðfram Þjósá. Í Þjósárverum verpa a.m.k 18 tegundir fugla³⁴.

Lax og silungur er í nokkrum ám og vötnum, í Stóru-Laxá er góð lax- og silungsveiði og í Kálfá og Þverá er nokkur silungsveiði. Þá er netaveiði í Hvítá og í Þjósá³⁵. (Ágúst Guðmundsson, 1996)

³³ (Ágúst Guðmundsson, 1996).

³⁴ (Ágúst Guðmundsson, 1996).

³⁵ (Ágúst Guðmundsson, 1996).

2.8 NÁTTÚRUVÁ

Í grein 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er náttúruvá skilgreind sem „svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)“³⁶.

Í grófum dráttum má skipta áhrifum náttúruhamfara í þrennt þ.e.a.s. félagsleg-, eðlislæg- og efnahagsleg áhrif. Hverjum þessara þátta hefur síðan verið skipt upp í bein áhrif og afleiðd áhrif³⁷. Þá er ljóst að náttúruhamfarir geta haft áhrif á mjög stórum svæðum t.d. þegar raforku-, fjarskipta- eða samgöngu-kerfi laskast eða eyðileggjast. Skeiða- og Gnúpverjahreppur er á Suðurlandskjálftabeltinu.

Hvítá flæðir reglulega yfir bakka sína og hefur Veðurstofa Íslands kortlagt útbreiðslu flóða árin 1968, 1981 og 2006. Eru þau svæði sem flóðin náðu yfir skilgreind sem hættusvæði og í greinargerð aðalskipulagsins eru sett fram ákvæði varðandi byggingar á flóðasvæðum.


2.8.1 Jarðskjálftar

Samkvæmt lögum er það hlutverk Almannafræðisins að skrá og gera úttekt á hættusvæðum á landinu og framkvæma hættumat. Hingað til hefur þessi vinna nær eingöngu einskorðast við þéttbýlisstaði á landsbyggðinni. Ljóst er að syðri hluti skipulagssvæðisins er í hæsta áhættuflokki hvað snertir jarðskjálfta en stórskjálftar hafa riðið yfir Suðurlandsbeltið á 50-100 ára fresti.

Suðurlandskjálftabeltið er sniðgengisbelti sem nær frá Vatnafjöllum í austri vestur um Ölfus. „Breidd svæðisins er um 8-10 km og lengd þess um 70 km. Samkvæmt sögunni hafa jarðskjálftar sem náð hafa allt að 7,1 að stærð oft valdið miklu tjóni á svæðinu. Plötuhræfingarnar eru með þeim hætti að svæðið norðan við beltinu færast til vesturs. Við þessa færslu bognar nokkurra tuga kílómetra breytt svæði og spennuorka byggist upp í því. Þessi orka leysist út í mörgum skjálftum sem eru með brotaplön þvert á meginhræfinguna. Einstaka skjálftar leysast úr læðingi með sniðgengishreyfingu á brotaplönnum sem liggja frá norðri til suðurs, þvert á AV beltinu. Upphlaðin spennu á beltinu í heild leysist þannig úr læðingi í mörgum skjálftum á NS sprungum, frá austri til vesturs eftir beltinu“³⁸. Það tjón sem einkum hlýst af jarðskjálftum vegna eðlislægra þátta er vegna sprungna á yfirborði, skemmda á mannvirkjum, breytinga á grunnvatnsstöðu og landsígs. Þá geta jarðskjálftar leitt til annarra náttúruhamfara, s.s. skriðufalla og flóða í ám.

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í sex hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina 0,5g, en það er 50% af þyngdarhröðuninni. Við hönnun mannvirkja þarf að taka mið af hönnunarhröðun innan hvers svæðis. Veruleg sveiflumögnun getur orðið á hraunlögum ofan á setlögum samanborið við jarðskjálftaáhrif á klöpp. Víða á Suðurlandsundirlendinu háttar þannig til og því er ástæða til að sýna sérstaka aðgát við hönnun mannvirkja. Gæta þarf þess að byggja ekki ofan á virkum sprungum sem leynst geta undir yfirborði. Syðsti hluti sveitarfélagsins er í hæsta áhættuflokki gagnvart jarðskjálftum, þ.e. 0,5g eins og sjá má á Mynd 14, en norðaustur hluti svæðisins er í lægsta áhættuflokki, þ.e. 0,1g.

Vegna staðhátta og landgæða er nær allt láglandi sveitarfélagsins nýtt til byggðar og búskapar þrátt fyrir að hluti þess sé á mesta jarðskjálftasvæði landsins. Því verður líkast til aldrei hægt að koma algerlega í



Mynd 14. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði m.v. 500 ára endurkomutíma. Heimild:(Björn Ingi Sveinsson, 2002).

³⁶ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

³⁷ (Alþingi Íslands, 2000).

³⁸ (Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, & Páll Halldórsson, 2000).


veg fyrir tjón af völdum jarðskjálfta. Meginatriði er að byggð og mannvirkjum verði þannig fyrir komið að lágmarkshætta verði á manntjóni auk þess sem leitast verði við að eignatjón verði sem minnst og valdi sem minnstri röskun á daglegu lífi.

Nokkur örnefni í sveitarfélaginu má rekja til afleiðinga jarðskjálftanna miklu árið 1896 og þar á meðal má nefna gjárnar Tuddagjá, Túngjá og Langagjá³⁹.

2.8.2 Eldvirkni

Byggð er ekki talin stafa bein hætta af eldgosum á svæðinu en öskufall getur orðið, eins og á flestum svæðum á landinu.


Útkulnaðar megineldstöðvar eru við Stóru-Laxá og í Þjórsárdal og auk þess er megineldstöð í Hofsjökli. Heklugos hafa í gegnum tíðina valdið stórfelldum gróðurskemmdum á afrétti Skeiða- og Gnúpverjahrepps og í Þjórsárdal hafa mörg býli farið í eyði í kjölfar ösku- og vikurfalls frá Heklu.



Mynd 15. Eldstöðvar á Suðurlandi⁴⁰.

2.8.3 Flóð / Landbrot


Fallvötn brjóta víða land í byggð í sveitarfélaginu. Landbrots hefur gætt meðfram Stóru-Laxá en þar er búið að breyta farveginum og fækka kvíslum. Þjórsá hefur brotið land á Skeiðum, allt frá Murneyrum og suður undir Kálfhól. Landbrot vegna vatnavaxta í Þjórsá hefur þó minnkað á undanförunum árum. Hvítá hefur brotið land á svæðinu frá Bauluósi og norður fyrir bæinn Fjall. Landsvirkjun hefur reist varnargarða meðfram Þjórsá og grjóti hefur verið keyrt í bakka Hvítár til að draga úr landbroti þar.



Mynd 16. Grjótgarður við Þjórsárdalsveg.


³⁹ (Jón Eiríksson, 2008).

⁴⁰ (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2015).



Hvítá flæðir af og til yfir bakka sína, oft í tengslum við mikla úrkomu og leysingar. Veðurstofa Íslands hefur kortlagt útbreiðslu flóða sem urðu árin 1968, 1981 og 2006⁴¹. Er mesta þekktá útbreiðsla flóðanna þriggja merkt sem vásvæði á sveitarfélags-uppdætti og sýnd á Mynd 17.

Mynd 17. Ljósblátt svæði sýnir mestu útbreiðslu flóða í Hvítá árin 1968, 1981 og 2006⁴². Blái liturinn sýnir eðlilegt rennsli Hvítár.




Mynd 18. Áætluð mesta útbreiðsla flóðs í Þjórsá vegna mögulegs eldgoss í Bárðarbungu. Bláa svæðið sýnir mestu útbreiðslu, blátt skástrikað svæði sýnir óvissa útbreiðslu og grænt skástrikað svæði sýnir útbreiðslu áætlaða út frá sögulegum flóðum 1825-2006. Blá ör táknað líkega flóðaleið.

⁴¹ (Emmanuel Pagneux, 2015).

⁴² (Emmanuel Pagneux, 2015).

Vegna hugsanlegs eldgoss undir jökli í Bárðarbungu hefur verið unnið hættumat vegna jökulhlaups á Þjórsár/Tungnaár svæðinu. Ríkislögreglustjóri í samvinnu við Viðlagatryggingu Íslands unnu að skýrslu sem ber heitið *Greining á áhrifum flóða í kjölfar eldgosa í Bárðarbungu*. Þar er lagt mat á mestu mögulegu útbreiðslu flóðs í Þjórsá neðan Sultartanga í ímynduðu 6000 m³/s jökulhlaupi til suðurs í Hágöngulón á Holtamannafrétti. Þar kemur m.a. fram að „áhrifamat vegna eldgoss í Bárðarbungu sem myndi skila flóði á vatnasvæði Þjórsár og Tungnaár gefur til kynna að um sé að ræða alvarlegustu áhrif á íslenskt samfélag sem almannavarnir hafa komið að því að greina, að undanskildum hernaðarógnum fyrri tíma“. Framgangur flóðs á Þjórsár/Tungnaárvæðinu gæti orðið sem hér segir samkvæmt skýrslunni:

„6000 m³/s jökulhlaup í Hágöngulón myndi yfirfylla lónið og rjúfa stíflu við norðanverða Hágöngu. Hlaupvatn rynni meðfram Hágönguhrauni í Kvíslavatn sem yfirfylltist og ein eða fleiri stíflur af átta við vatnið rofnuðu og beindu þannig hlaupvatni niður í Þjórsá. Flóðvar í Sultartangastíflu rofnaði og brú á frárennisskurði Sultartangastöðvar og á Þjórsá væru í hættu. Flóðið breiddi verulega úr sér á Hafinu á milli Sultartanga og Búrfells og bæði Landvegur austan ár og Þjórsárdalsvegur vestan ár yrðu að hluta eða öllu leyti undir vatni þegar flóðið stæði sem hæst. Líklega rynni yfir í Gjána vestan megin og yfir í Rangárbotna austan megin. Þá rynni yfir Þjórsárdalsveg við Núpsfjall yfir í Kálfá. Þó megnið af flóðvatninu væri í Þjórsá og á bökkum hennar myndi flæða yfir Skeiða- og Hrunamannaveg í Hvítá. Þá má reikna með að vatn flæddi að og jafnvel yfir Þjóðveg 1 á um 3 km kafla vestan brúar á Þjórsá. Brúin væri þó líklega ekki í hættu. Gert er ráð fyrir að hlaupið nái til sjávar rúmum 2 sólarhringum eftir að það hefst“⁴³.



Mynd 19. Myndin sýnir mestu áætluðu útbreiðslu flóðs í Þjórsá vegna mögulegs eldgoss í Bárðarbungu. Bláa svæðið sýnir mestu útbreiðslu flóðs og blátt skástrikað svæði sýnir áætlaða útbreiðslu út frá sögulegum flóðum 1825-2006. Rýmingu á að vera lokið syðst í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um 18 klst. eftir að gos hefst.

Unnið hefur verið að rýmingaráætlun vegna hlaups af þessari stærðargráðu (Mynd 19) og þar er gert ráð fyrir að rýma þyrfti bæi í sveitarfélaginu.

Í kjölfar hættumatsins hefur hjástífla við Hágöngulón verið styrkt til að draga úr líkum á að stíflan bresti við 6000 m³ hlaup.

2.8.4 Aðrar náttúruhamfarir

Ekki er talin sérstök hættu á öðrum náttúruhamförum.

⁴³ (Ríkislögreglustjóri & Viðlagatrygging Íslands, 2014).

2.9 HLUNNINDI

2.9.1 Veiði

Eitthvað er um gæsaveiðar á haustin í byggð og syðst á afrétti. Einnig veiðist rjúpa á afrétti. Stangveiði er í Stóru-Laxá og nokkrum minni ám og vötnum og netaveiði er í Hvítá og Þjórsá. Nánar um vatnsföll má sjá í eftirfarandi texta frá Guðna Guðbergssyni:

Hvítá

„Hvítá er fiskgeng frá sjó að Gullfossi sem er 110 km frá ósi í sjó. Í Hvítá er hrygning og uppeldi laxa, urriða (sjóbirtinga) og bleikja (sjóbleikju). Stangveiði er í Hvítá við ósa Stóru-Laxár (lða) og ósa Dalsár og Fossár þar sem skilvatn ánnu liggur út í jökulvatnið. Göngur fiska úr sjó taka nokkuð langan tíma upp vatnakerfið (ca 2 mánuði) og veiðin á efri vatnasvæðisins því einkum síðsumars. Netaveiði hefur verið stunduð í Hvítá og Ölfusá frá jörðum sem land eiga að ánum. Heildarlaxveiði á vatnasvæðinu síðustu 10 þar er 6136. Af þeim er netaveiði í Hvítá að meðaltali um 1878 laxar og stangveiði 441 laxar. Að auki veiðist töluvert magn af urriða og bleikju. Veiðiréttarhafar á vatnasvæðinu eru í Veiðifélagi Árneseinga en innan þess er deild um Stóru-Laxá. Drjúgur hluti netveiddra laxa á vatnasvæðinu eru af uppeldi hliðaránnu þótt sú hlutdeild sé ekki þekkt. Lífríki í ám er almennt viðkvæmt fyrir áhrifum og mikilvægt að vatnsgæði, búsvæði (árbotn) og vatnsrennsli haldist óskert. Þar sem laxfiskar eru efst í fæðukeðjunni koma breytingar á þessum þáttum fljótt niður á afkomu þeirra. Veiðiréttarhafar hafa þá skyldu að veiðinýting teljist sjálfbær“.

Stóra-Laxá

„Upptök Stóru-Laxár eru í Grænavatni, sem er sunnan Kerlingarfjalla, í tæplega 700 m hæð yfir sjávarmáli. Áin skilur að afrétti Hrunamanna og Flóamanna. Vatnasvið Stóru-Laxár er 512 km² og meðalrennsli við ós er um 16 m³/sek. Frá upptökum til ósa í Hvítá eru 90 km en þaðan til ósa Ölfusár í sjó eru 64 km. Stóra-Laxá er ein af helstu þverám Hvítár í Árnessýslu og er hún dæmigerð dragá. Í Stóru-Laxá er að finna lax, urriða og bleikju og er lax ríkjandi tegund með 86,5% hlutdeild seiða laxfiska. Bleikju og urriða er að finna á ófiskgengum svæðum, en fiskur hefur þó ekki fundist í Stóru-Laxá ofan við foss neðst í gljúfri ofan ármóta við Leirá. Bleikja og urriði eru í Leirá og Heiðará. Fiskgengi hluti Stóru-Laxár er rúmír 41 km og er hún fiskgeng að fossi við Uppgöngugil, en þangað eru 105 km frá ósi í sjó. Hvergi á Íslandi komast sjógengnir fiskar lengra inn í land. Stóra-Laxá er þekkt fyrir hátt hlutfall stórlaxa.

Stofnstærð laxa er ekki þekkt í Stóru-Laxá en umtalsverð stangveiði er stunduð í ánni og hafa veiðst allt að 1790 laxar í bestu veiðiárunum frá 1970. Meðalveiði síðustu tíu ára var 731 lax. Að auki er lax úr Stóru-Laxá veiddur á gönguleið hans úr sjó í Ölfusá og Hvítá“⁴⁴.

2.9.2 Hagnýt jarðefni

Engin heildstæð úttekt hefur verið gerð á hagnýtum jarðefnum á svæðinu. Í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ber að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir allri efnistöku. Gerð er grein fyrir efnistökusvæðum í greinargerð aðalskipulagsins og þau sýnd á uppdráttum.

2.10 VERNDARSVÆÐI

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru tvö friðlýst svæði, 3 svæði á náttúru-minjaskrá og nokkur hverfisverndar- og vatnsverndarsvæði. Nánar er fjallað um þessi svæði í kafla 2.6 í greinargerð aðalskipulagsins. Þar er einnig fjallað um minjavernd.

⁴⁴ (Guðni Guðbergsson Veiðimálastofnun, 2016).

3 ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ


Í kaflanum er fjallað um íbúafjölda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og byggir umfjöllunin á opinberum gögnum frá Hagstofu Íslands. Þá er fjallað um atvinnumál og helstu atvinnuvegi í sveitarfélaginu (kaflí 3.2), um ferðapjónustu (kaflí 3.3) og um opinbera þjónustu og samstarf sveitarfélaga (kaflí 3.4).

3.1 ÍBÚAÞRÓUN, ALDURSDREIFING OG ÍBÚASPÁR

Íbúum í sveitarfélaginu hefur ekki fjölgað mikið á undanförunum árum. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir að íbúar yrðu orðnir 601 árið 2016. Mynd 20 sýnir íbúaþróun í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu en íbúafjöldi hefur verið á bilinu 500 – 540. Flestir urðu íbúar 536 árið 2008 og 530 árið 2014. Þann 1. janúar 2018 voru íbúar 690, þar af bjuggu 70 í Brautarholti og 53 í Árnesi.

Íbúum fjölgaði því mikið á milli ára frá 2016 – 2018 en fjölgunin skýrist að stórum hluta af því að um 50 erlendir starfsmenn fluttu lögheimili sitt í sveitarfélagið í tengslum við stækkun Búrfellsvirkjunar. Íbúafjölgunin er því að hluta til tímabundin þar sem hún tengist að mestu leiti tímabundinni atvinnu. Þann 1. nóvember 2018 voru íbúar tæplega 640 talsins en þá var starfsmönnum farið að fækka.

Miðað við miðspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um tæpt 1 % á ári og verði orðnir 773 árið 2029. Þar sem íbúafjöldi í sveitarfélaginu hefur sveiflast mjög mikið á allra síðustu árum er erfitt að gera íbúaspá til framtíðar. Sé horft til íbúafjölda í ársbyrjun 2017 án 50 starfsmanna Búrfellsvirkjunar þá voru íbúar um 545 í ársbyrjun 2017. Sé miðað við miðspá Hagstofunnar út frá þeim fjölda gætu íbúar verið orðnir um 610 talsins árið 2029 sem er fjölgun um tæplega 70 íbúa. Sé hins vegar miðað við íbúafjöldann eins og hann var í ársbyrjun 2017 (594 íbúar) þá gætu íbúar verið orðnir 660 talsins við lok skipulagstímabilsins sem þýðir fjölgun um tæplega 70 íbúa (sjá Mynd 20).



Mynd 20. Íbúafjöldi eftir árum frá 2003-2017 og spá til ársins 2030. Spá um íbúafjölda miðast við mannfjöldaspá Hagstofunnar að teknu tilliti til tímabundinna starfsmanna við Búrfellsvirkjun⁴⁵.


Árnes og Brautarholt eru ekki skilgreind sem þéttbýli skv. skilgreiningu Hagstofunnar þar sem íbúafjöldi er undir tilteknum lágmarksfjölda sem er 200 íbúar⁴⁶. Í Árnesi voru 53 íbúar 1. janúar 2018. Íbúafjöldi í Brautarholti hefur staðið nokkuð í stað á undanförunum árum og þann 1. janúar 2018 voru íbúar þar 70 talsins.

Mynd 21 sýnir aldersdreifingu karla og kvenna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í samanburði við aldersdreifingu á landinu öllu, miðað við íbúafjölda árið 2016. Athygli vekur að fólk á aldrinum 30 - 49 ára er hlutfallslega færri í hreppnum en á landinu öllu og sama gildir um aldurshópinn 0 - 4 ára. Þá eru drengir á aldrinum 10 – 29 ára hlutfallslega mikið færri í sveitarfélaginu en á landinu öllu en hlutfall stúlkna í sömu aldurshópum talsvert hærra en á landinu öllu. Hlutfallslega mikið af ungu fólki á aldrinum 20 – 29 ára er búsett í sveitarfélaginu. Þá eru 11 konur og 3 karlar 85 ára og eldri búsett í sveitarfélaginu. Þrátt

⁴⁵ (Hagstofa Íslands, 2016b).

⁴⁶ (Hagstofa Íslands, 2015).

fyrir þennan mismun milli aldurshópa er fjöldi karla og kvenna í sveitarfélaginu nær jafn, 263 karlar á móti 258 konum.



Mynd 21. Aldursdreifing íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi borin saman við aldersdreifingu á landinu öllu árið 2016⁴⁷.

3.2 ATVINNA

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er fyrst og fremst öflugt landbúnaðarhérað. Uppbygging orkuveranna; Búrfellsstöðvar og Sultartangastöðvar, hafði mikil áhrif á atvinnulíf í sveitarfélaginu meðan verið var að byggja þau. Á undanföllum árum hefur ferðaþjónusta verið að eflast á svæðinu og ætla má að flest ný störf undanfarinna ára séu á sviði ferðaþjónustu. Töluverð uppbygging hefur átt sér stað á sviði afþreyingar- og ferðaþjónustu og þá færast það í aukana að bændur reki ferðaþjónustu samhliða hefðbundnum búskap.

Opinber stöðugildi sveitarfélagsins árið 2015 voru 26 sem er talsvert lægra en hjá nágrennasveitarfélögum. Þar af voru 11,1 stöðugildi þar sem starfsmenn eru í Kennarasambandi Íslands⁴⁸.

Landbúnaður

Öflugur landbúnaður er stundaður í sveitarfélaginu. Upplýsingar um fjölda búfjár eru fengnar frá Hagstofu Íslands⁴⁹.

Nautgripum hefur fjölgað undanfarin ár og mjólkurkúm að sama skapi. Árið 2002 voru 1.259 mjólkurkúr í sveitarfélaginu en árið 2016 voru þær 1.404.

Sauðfé hefur fjölgað nokkuð frá 2002. Alls voru 2.837 ær í sveitarfélaginu árið 2002 en árið 2016 voru þær 3.747. Sauðfé í heild hefur fjölgað um tæplega 1.300 dýr.

Fjöldi hrossa hefur lítið breyst á tímabilinu. Þau voru alls 1.910 árið 2002 en 1.979 árið 2016.




⁴⁷ (Hagstofa Íslands, 2016b).


⁴⁸ (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2015).

⁴⁹ (Hagstofa Íslands, 2017).

Nokkuð er af svínum og varphænum í sveitarfélaginu og hefur fjöldi þeirra verið breytilegur á tímabilinu. Svín voru 416 árið 2002 en 617 árið 2016. Varphænur voru 64 árið 2002 en 150 árið 2016. Þá er eitthvað um endur, gæsir og geitur en ekki verður gerð frekari grein fyrir þeim vegna þess hve fá dýrin eru.

Í sveitarfélaginu eru starfandi tvö búnaðarfélög, Búnaðarfélag Skeiðahrepps stofnað 1889 og Búnaðarfélag Gnúpverja sem var stofnað 1843 og er því eitt elsta búnaðarfélag á landinu.





3.3 FERÐAÞJÓNUSTA

Í Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 er kveðið á um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði greind sérstaða, styrkleikar og staðarandi svæðis m.t.t. ferðaþjónustu og tækifæra sem tengjast henni⁵⁰.

Í sveitarfélaginu hefur þjónusta við ferðamenn aukist mikið á undanförunum árum. Víða er rekin fjölbreytt ferðaþjónusta og má þar nefna veitingasölu, gistaðstöðu, hestaleigur, tjaldsvæði/hjólhýsasvæði, söfn, handverkssölu og fleira. Fjöldi sumarhúsa er í sveitarfélaginu, í Árnesi og Brautarholti eru vinsæl tjaldsvæði og sundlaug er á báðum stöðum. Þjórsárdalur er ein helsta náttúruperla sveitarfélagsins og þar og víðar í sveitarfélaginu eru gönguleiðir við allra hæfi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur var aðili að stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir uppsveitir Árnessýslu 2004 – 2008. Þar var unnið stöðumat fyrir ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Helstu styrkleikar og veikleikar sveitarfélagsins samkvæmt þeirri úttekt eru eftirfarandi:

Styrkleikar

- Þjórsárdalur (náttúra og saga)
- Þjóðveldisbærinn
- Fossar (Dyngkur, Háifoss, Hjálparfoss)
- Þjórsárver
- Gljúfurleit
- Blómlegur landbúnaður

Veikleikar

- Lítil afþreying
- Engin upplýsingaþjónusta
- Þjóðveldisbærinn líflítill
- Hálendið vannýtt

Í stefnumótuninni voru sett eftirfarandi markmið til aðgerða í ferðaþjónustu:

- Byggja gestamiðstöð í Þjórsárdal
- Vinna framtíðaráætlun fyrir Þjórsárdal (rannsóknir, verndun með nýtingu o.s.frv.)
- Halda landnámsdag(a) árlega
- Gera sveitasælunni skil á Skeiðunum

Í samantekt á aðgerðum fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp er „lagt til að reist verði myndarleg gestastofa í Þjórsárdal eða þar í nágrenninu og jafnframt er því velt upp hvort jaðarmiðstöð fyrir Sprengisand og Torfajökulssvæðið gæti verið þar staðsett (fræðsla um það svæði). Lagt er til að árlega verði efnt til Landnámsdags Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem landnámsmenn svæðisins verða heiðraðir með viðburðum, m.a. í Þjórsárdal, Árnesi og á helstu landnámsbæjum. Þá er lagt til að Sveitasælusetur verði á Skeiðunum og kynni sveitasæluna öllum þeim sem fara á mis við hana“. Í lok skýrslunnar eru nokkrir

⁵⁰ (19/145, 2016).

punktur varðandi afþreyingu og hugmyndir að nýsköpun sem fram komu á íbúafundi. Meðal tillagna þar eru skipulagðar gönguferðir, námskeiðahald, siglingar í Þjórsá og vikingadagur í Þjórsárdal⁵¹.

Í kjölfar skýrslunnar var m.a. unnið rammaskipulag fyrir Þjórsárdal 2013 og aðgengi hefur verið bætt við nokkra ferðamannastaði t.d. við Hjálparfoss. Þá hefur einnig verið bætt aðstaða í Skriðufellsskógi og Þjórsárstofa í Árnesi var tekin í notkun 2011. Þá tók sveitarfélagið þátt í Evrópuverkefninu *Destination Viking Sagalands* til að efla kynningu á Þjórsárdalnum og Þjóðveldisbænum. Loks hefur verið haldin landnámshelgi í Árnesi á sumrin.

Árið 2012 var gerð könnun á vegum ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu á heimsóknum Íslendinga á ferðamannastaði í sýslunni. Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar gerði könnunina sem var birt 2013. Þar kom fram að 13% Íslendinga, eða um 40 þúsund manns, lögðu leið sína í Þjórsárdal árið 2012⁵².

Í tengslum við endurskoðun umhverfismats vegna Hvammsvirkjunar og áhrifum hennar á ferðapjónustu og útivist og landslag og ásýnd er fjallað um niðurstöður könnunar sem unnin var á vegum RRF (Rannsóknna og ráðgjafar ferðapjónustunnar) þar sem m.a. er áætlað hversu margir ferðamenn fara um svæðið árlega. Þar kemur fram að á árunum 2001 – 2015 fjölgaði ferðamönnum í nágrenni Hvammsvirkjunar um allt að 150% en á sama tíma fjölgaði þeim um allt að 330% í Árnessýslu allri. Fjölgun íslenskra ferðamanna er svipuð og íbúafjölgun á svæðinu á þessu tímabili eða um 11%. Að sama skapi hefur uppbygging tengd ferðapjónustu á þessu tímabili ekki verið eins mikil eins og t.a.m. víða í nágrennsveitarfélögum⁵³.

Áætlað er að á bilinu 240 – 260 þúsund ferðamenn hafi farið um nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar árið 2015 og þar af um 140 – 160 þúsund erlendir ferðamenn og um 100 þúsund Íslendingar. Í skýrslunni kemur einnig fram að fagfólk í ferðapjónustu nefndi í 92% tilvika staði í Þjórsárdal eða dalinn sjálfan sem þann stað sem helst væru skoðaður í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Flestir kváðust hafa farið að Stöng, Gjánni, Hjálparfossi, Háafossi og Þjóðveldisbænum⁵⁴.

Unnið er að gerð áfangastaðaáætlunar fyrir Suðurland. Þar er horft til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þar með talið þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis. Með áfangastaðaáætluninni verður til heildræn stefna sem lýtur að ferðapjónustunni sem atvinnugrein, sveitarfélögum, íbúum, umhverfi og samfélaginu í heild⁵⁵.

Gisting

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016 þá skiptast gististaðir í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu sem bjóða skal gestum:

„Hótel: Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og veitingar að einhverju tagi framleiddar á staðnum. Fullbúin baðaðstaða skal vera með hverju herbergi.

Stærra gistiheimili: Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 6 herbergi eða fleiri eða rými fyrir fleiri en 10 einstaklinga. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.

Minna gistiheimili: Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 5 eða færri herbergi eða hefur rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gerð krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.

Gistiskáli: Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel).

Fjallaskálar: Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús.

⁵¹ (Rögnvaldur Guðmundsson, 2003).

⁵² (Rögnvaldur Guðmundsson, 2012).

⁵³ (Rögnvaldur Guðmundsson, 2016).

⁵⁴ (Landsvirkjun, 2017).

⁵⁵ (Markaðsstofa Suðurlands, 2017).

Heimagisting: Gisting á lögheimili einstaklings eða einni annarri fasteign í hans eigu sem hann hefur persónuleg not af.

Íbúðir: Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar.

Frístundahús: Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarféлага og starfsgreinaféлага, eru undanskilin⁵⁶.

Gististaðir í byggð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og flokkun þeirra er sýnd á skýringarupprætti nr. 9. Þar er flokkun gististaðanna einfölduð en stuðst er við flokkun í framangreindri reglugerð. Ekki eru til upplýsingar um heimagistingu eða íbúðir sem leigðar eru út.

- Hótel.
- Gistiheimili, s.s. ferðapjónusta bænda og farfuglaheimili.
- Gistiskáli, s.s. orlofshús og gestahús.
- Tjaldsvæði.
- Fjallaskálar.

Gistinætur

Alls voru 271 gistirými í byggð í sveitarfélaginu árið 2016. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir gististaði ásamt fjölda herbergja og rúma á hverjum stað fyrir sig⁵⁷.

Gististaðir í byggð		
Heiti	Fjöldi herbergja	Fjöldi rúma
Álftröð	9	20
Ásólfstaðir	2	8
Fossnes	6	22
Gistiheimilið Árnesi	8	40
Hestakráin	10	20
Hótel Hekla	46	92
South Central Motel, Brautarholti	4	16
Steinsholt	8	16
The House- Fjalli	5	10
Vestra-Geldingaholt Denami	9	17
Vorsabær	2	10
Alls	112	271

Skálar í óbyggðum


Heiti	Fjöldi herbergja	Fjöldi rúma
Hólaskógur	3	66

Heildarfjöldi gistinátta felur í sér alla innigistingu í sveitarfélaginu þ.e. á hótelum, gistihúsum, orlofshúsum, farfuglaheimilum og í heimahúsum. Gistinóttum hefur fjölgað verulega í sveitarfélaginu á allra síðustu árum eins og sjá má á Mynd 22. Þær voru rúmlega 12 þúsund árið 2010, rúmlega 19 þúsund árið 2014 og tæplega 27.800 þúsund árið 2016. Nýting gistirýma í byggð var rúmlega 28% árið 2016.

⁵⁶ (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2016).

⁵⁷ (Ásborg Arnþórsdóttir, 2016b).

Fjöldi gistinátta á tjaldsvæðum og í skálum í óbyggðum er nokkuð breytilegar eftir árum og ber að taka með þeim fyrirvara að skil á þeim eru almennt lakari en fyrir innigistingu skv. upplýsingum frá Hagstofunni.



Mynd 22. Gistinætur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2006 – 2016⁵⁸.

Ársverk í ferðapjónustu voru 35 – 40 í byrjun árs 2015 skv. upplýsingum frá ferðamálafultrúa Uppsveita Árnassýslu⁵⁹.

Þjósárstofa

Í félagsheimilinu í Árnesi er Þjósárstofa, veitinga- og gestastofa sem er samstarfsverkefni Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar. Markmið hennar er að miðla fróðleik og upplýsingum um landið og náttúruna, fólkið og söguna og þá þjónustu sem er að finna á Þjósársvæðinu. Gestum þar hefur fjölgað ár frá ári eins og taflan hér til hliðar gefur til kynna, en þetta er fjöldi þeirra sem skrifaði í gestabók á staðnum á hverju ári. Ætla má að fleiri hafi sótt staðinn sem ekki hafa skrifað í gestabókina⁶⁰.

Ár	Fjöldi gesta
2012	2.927
2013	4.055
2014	3.750
2015	4.200
2016	4.600

Umferð


Mynd 23 sýnir meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september (SDU) á svæðinu frá Hringvegi nr. 1 inn í Þjósárdal. Árið 2016 fóru að meðaltali um 2.520 bílar um syðsta hluta Skeiða- og Hrunamannavegar. Um 1.100 bílar fóru um vesturhluta Þjósárdalsvegar og tæplega 730 bílar um Þjósárdalsveg í Þjósárdal⁶¹.

⁵⁸ (Hagstofa Íslands, 2016a).

⁵⁹ (Ásborg Arnþórsdóttir, 2016a).

⁶⁰ (Ásborg Arnþórsdóttir, 2016c).

⁶¹ (Vegagerðin, e.d.).



Mynd 23. Meðalumerð á dag yfir sumarmánuðina (SDU) frá Hringvegi við Skeiðavegamót að brú á Þjórsá við Sultartangavirkjun. Heimild: Vegagerðin.

3.4 OPINBER ÞJÓNUSTA OG SAMSTARF SVEITARFÉLAGA

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er veitt margvísleg þjónusta við íbúana. Sveitarfélagið rekur grunn- og leikskóla og hefur samstarf við nágrannasveitarfélög á fjölmörgum sviðum og er nánar vikið að þeim helstu hér aftar.

Stjórnsýsla

Miðstöð stjórnsýslunnar er í Árnesi. Mikið samstarf er á milli sveitarfélagsins og annarra sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu:

- Sameiginlegur ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu hefur aðsetur í Aratungu.
- Sameiginlegt tæknisvið Uppsveitanna er með aðsetur á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur er aðili að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ásamt Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Flóahreppi, Hveragerði og Sveitarfélaginu Ölfusi. Hún fer jafnframt með málefni barnaverndarnefndar.
- Félagsþjónusta Skeiða- og Gnúpverjahrepps er staðsett í Laugarási.
- Héraðsnefnd Árnesinga bs. tók til starfa 1. janúar 2013. Öll sveitarfélög í Árnessýslu standa að byggðasamlaginu og það annast stjórn og rekstur eftirtalinna stofnana: Listasafns Árnesinga, Byggðasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga, Tónlistarskóla Árnesinga, Almannavarna Árnessýslu og Brunavarna Árnessýslu⁶².

Skólar

Sveitarfélagið kemur að rekstri þriggja skóla. Í Árnesi er Þjórsárskóli fyrir nemendur í 1. – 7. bekk. Nemendum á elsta stigi, 8. – 10. bekk er ekið á Flúðir í Flúðaskóla.

Í Þjórsárskóla stunduðu 43 nemendur nám í upphafi skólaársins 2015-2016⁶³. Við skólann eru 8,2 stöðugildi⁶⁴.

Leikskólinn Leikholt er tveggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum eins til sex ára⁶⁵. Við skólann eru 8,5 stöðugildi og um 30 börn á aldrinum 1 – 6 ára⁶⁶.

⁶² (Héraðsnefnd Árnesing bs., 2016).

⁶³ („Þjórsárskóli - ágríp um skólann“, 2016).

⁶⁴ (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2015).

⁶⁵ (Leikskólinn Leikholt, 2016).

⁶⁶ (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2015).

Heilsugæsla

Heilbrigðisstofnun Suðurlands starfrækir heilsugæslustöð í Laugarási.

Brunavarnir Árnessýslu

Brunavarnir hafa starfsstöðvar á Selfossi, Stokkseyri, Þorlákshöfn, Laugarvatni, Reykholti og Árnesi, þ.e. slökkvibíla, húsnæði og mannskap.

Sorpstöð Suðurlands bs.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er aðili að Sorpstöð Suðurlands bs, en það er byggðasamlag í eigu 13 sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslum. Hlutverk samlagsins er að annast sorpmóttöku og sorpförgun fyrir aðildarsveitarfélögin. Sveitarfélögin sjá hvert um sig um rekstur gámasvæða og sorphirðu.

Sorphirðu var komið á í sveitarfélaginu í júní 2009 og eru allir íbúar með 3 ílát undir sorp. Auk gráu tunnunnar fyrir almennt sorp er hvert heimili með græna tunnu fyrir pappír, plast og málma og brúna tunnu fyrir lífrænan úrgang. Þá er rúlluplast sótt heim á bæi. Gámasvæði eru í Árnesi og í Brautarholti⁶⁷ og í Skaftholti er tekið við garðaúrgangi og tjágreinum⁶⁸.

Sorpa bs. annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 fyrir mörg sveitarfélög. Sorpa bs. stóð að gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020 ásamt Sorpstöð Suðurlands bs, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. og Sorpurðun Vesturlands hf. Skeiða- og Gnúpverjahreppur samþykkti svæðisáætlunina þann 25. ágúst 2009.

Helstu breytingar frá fyrstu áætluninni sem út kom 2005 eru:

- Stjórnir sorpsamlaganna hafa ákveðið að hætta urðun lífræns og brennanlegs úrgangs eigi síðar en 2020.
- Aðferðir við meðhöndlun úrgangs og forgangsröðun þeirra hefur verið ákveðin.
- Fyrir liggur hvaða urðunarstaði vilji er til að nota á áætlunartímanum.
- Áætlun um aðgerðir til næstu 3ja ára liggur fyrir.

Áætluninni fylgir nú umhverfismat í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006⁶⁹.

Veitur

Rotþrær eru við hvern bæ í sveitarfélaginu og sveitarfélagið sér um losun þeirra, en þær eru að jafnaði losaðar þriðja hvert ár.

Neysluvatn kemur að stærstum hluta úr hlíðum Vörðufells í landi Framness. Einnig er fjöldi einkaveitna í sveitarfélaginu og gerð er grein fyrir þeim í greinargerð aðalskipulagsins í kafla 2.5.1. Vatnsveita Flúða sér bæjunum í Skarði og Reykjatorfunni fyrir köldu vatni⁷⁰.

Hitaveita er á flestum bæjum í sveitarfélaginu og borholur eru víða. Gerð er grein fyrir þeim í kafla 2.5.2 í greinargerð með aðalskipulagi.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. er byggðasamlag sem hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa á starfssvæði samlagsins. Þau sveitarfélög sem eiga aðild að byggðasamlaginu eru Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Flóahreppur og Ásahreppur⁷¹.

⁶⁷ (Íslenska gámafélagið, 2009).

⁶⁸ (Skeiða- og Gnúpverjahreppur, 2016).

⁶⁹ ((Ögmundur Einarsson; Guðjón Guðmundsson; Guðmundur Tryggvi Ólafsson; Hrefna Bryndís Jónsdóttir, 2009).

⁷⁰ („Vatnsveita Flúða“, 2013).

⁷¹ (Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs., 2015).

4 UMhverfisskýrsla

Endurskoðun aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætla. Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins fellur undir löginn þar sem eftirfarandi á við um áætlunina:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfismatið er unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins og nýttist því til ákvarðanatöku.

4.1 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Aðalskipulag sveitarfélags þarf að vera í samræmi við fjölmargar stefnur og áætlanir sem ríkið hefur sett fram. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvaða stefnur og áætlanir þetta eru og rökstuðning um hvernig stefnan er í samræmi við þær.

4.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í 10. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kveðið á um að ráðherra leggi fram tillögu til landsskipulagsstefnu til tólf ára í senn innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Þar eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana og breytinga á þeim og samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send til Skipulagsstofnunar. Landsskipulagsstefna felur í sér eftirfarandi þætti:

1. Skipulag miðhálandis Íslands

Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúrufars. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálandisins. Stefna um verndun víðerna og náttúrugæða hálandisins verði eftir því sem við á útfærð með hverfisvernd í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, m.a. þannig að í aðalskipulagi verði þau svæði hverfisvernduð sem tilgreind eru í verndarflokki áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða og náttúruverndaráætlun. Uppbygging ferðamannaástöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða:

- Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálandið og í jaðri þess.
- Hálandismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálandið.
- Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.
- Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.

Sveitarfélög á miðhálandinu geri grein fyrir og marki stefnu um þjóðvegi, þ.e. stofnvegi og landsvegi, í aðalskipulagi í samráði við Vegagerðina. Jafnframt geri þau grein fyrir og marki stefnu um aðra vegi en þjóðvegi á miðhálandinu í aðalskipulagi í samræmi við lög um náttúruvernd. Skipulagsákvæði um vegi á miðhálandinu feli í sér að vegaf framkvæmdum verði haldið í lágmarki, möskvar vegakerfisins verði sem stærstir og að hönnun allra vega taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og

verndar viðkvæmra svæða. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamátum þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins. Skipulagsákvæðanir um fjarskiptamannvirki geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi og taki mið af landsskipulagsstefnu um víðerni og náttúru miðhálandisins.

Samræmi skipulagstillögu við landsskipulagsstefnu

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálandisins og stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálandisins til útivistar og ferðaþjónustu. Ekki er stefnt að umtalsverðri uppbyggingu og engin ný svæði verða tekin til framkvæmda heldur verður aðeins horft til þeirra svæða sem nú þegar hafa verið tekin undir mannvirkjagerð. Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í þeirra stað að undangengnu deiliskipulagi. Stefnan skerðir því ekki víðerni umfram það sem þegar er orðið. Þar sem þar til bærir aðilar hafa ekki lagt fram kort af víðernum landsins verður ekki um afmörkun þeirra að ræða í þessu aðalskipulagi.

Svæði sem eru í verndarflokki skv. 6. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 eru skilgreind í floknum önnur náttúruvernd skv. gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem flokkun þjónustustaða á hálendi er skv. flokkun landsskipulagsstefnu. Allir skálar á hálendinu eru skálasvæði og fjallasel.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem mörkuð er stefna um vegi á hálendinu. Gerð er grein fyrir vegum með takmörkunum á skýringaruppdrætti nr. 6.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem skipulagið gefur kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirki til að tryggja örugg fjarskipti. Leitast verður við að staðsetja stök mannvirki þannig að þau skerði ekki víðerni.

2. Skipulag í dreifbýli

Skipulag sveitarfélags miði að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags og beini vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Fjölgun íbúða tengist einkum búrekstri eða annarri staðbundinni atvinnustarfsemi. Marka skal stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýlinu og ákvörðun um staðsetningu og hönnun mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar. Frístundabyggð verði á afmörkuðum en samfelldum svæðum sem gefa kost á tækifærum til útiveru en þess jafnframt gætt að frístundasvæðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar og náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða vítækara, gildi út frá sögu, náttúruferi eða menningu. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Í aðalskipulagi byggjast skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirki til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. Sérstaklega verði hugað að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð og á skógræktarsvæðum.

Samræmi skipulagstillögu við landsskipulagsstefnu

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem heimiluð er uppbygging stakra íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæði. Hins vegar er ósamræmi við landsskipulagsstefnu þar sem einnig eru heimiluð íbúðarsvæði í dreifbýlinu. Stefna sveitarfélagsins samræmist ekki landsskipulagsstefnu þar sem íbúðarsvæði munu hafa áhrif á byggðamynstur í dreifbýlinu.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem nýjar byggingar skulu almennt vera utan landbúnaðarlands í flokki I og II og er flokkun landbúnaðarlands lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Í þeim tilvikum sem verið er að byggja upp á bæjartorfum, þar sem núverandi hús eru á landbúnaðarlandi í flokki I eða II, er heimilt að byggja ný hús í námunda við þau og þar með á góðu landbúnaðarlandi. Með því að byggja ný hús sem næst núverandi byggð á bæjartorfum er stuðlað að því að samnýta núverandi vegi og veitur sem mest.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem ný svæði fyrir frístundabyggð eru utan landbúnaðarlands í flokki I og II og er flokkun landbúnaðarlands lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um frístundabyggð. Öll frístundasvæðin eru utan verndarsvæða.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem gert er ráð fyrir að stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja. Þá eru vatnsból og eftir atvikum vatnsverndarsvæði merkt inn á skipulagsupprátt.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem samfelld skógrækt er óheimil á landbúnaðarlandi í flokki I og II og er flokkun landbúnaðarlands lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um skógrækt. Þá ber að huga að því að skógrækt spilli ekki útssýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla eða fossa né valdi snjósöfnun á vegum.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem flestir þeir staðir sem eru í flokknum afþreyingar- og ferðamannasvæði eru tilgreindir sem áhugaverðir eða sérlega áhugaverðir viðkomustaðir skv. kortlagningu á auðlindum ferðapjónustunnar.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem heimilaðar eru litlar vind- og vatnsaflsvirkjanir.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem stefnt er að því að lagt verði bundið slitlag á alla helstu vegi á skipulagstímabilinu og við endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólaumferð. Þá er stefnt að öflugri almenningssamgöngum.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem heimiluð er uppbygging allt að 20 m hárra fjarskiptamastra í sveitarfélaginu.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem ný byggð verður ekki heimiluð á mögulegum hættusvæðum og tryggja skal upplýsingaflæði til íbúa og ferðamanna. Settir eru skilmálar varðandi byggingar á þekktum flóðasvæðum en þar er t.a.m. óheimilt að vera með kjallara. Haft verður að leiðarljósi að hús verði ekki byggð yfir þekktar jarðskjálftasprungur.

3. Búsetumynstur og dreifing byggðar

Við skipulagsgerð sveitarfélaga og gerð sóknaráætlana landshluta verði skilgreindir meginkjarnar í hverjum landshluta og vinnusóknar- og þjónustusvæði þeirra. Uppbyggingu, þar á meðal samgangna, verði hagað þannig að hún sé til þess fallin að styrkja kjarnana sem sjálfbæra burðarása viðkomandi nærsamfélags.

Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.

Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir. Tryggt verði

fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Einnig verði sérstaklega hugað að almenningsrýmum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og varðveita verðmæt náttúrusvæði. Jafnframt verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningsamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvárs, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.

Samræmi skipulagstillögu við landsskipulagsstefnu

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem stefnt er að því að þéttbýlin eflist og byggð þéttist. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að stofnvegur verði færður austur fyrir þéttbýlið í Brautarholti en tenging verði inn í þéttbýlið beggja vegna við það og núverandi stofnvegur verði tengivegur. Gert er ráð fyrir tengingu inn í þéttbýlið í Árnesi á þremur stöðum frá Þjórárdalsvegi.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem skilgreind eru þéttbýlismörk beggja þéttbýlanna. Þéttbýlið í Árnesi er stækkað til austurs og innan þess verður landbúnaðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa á rúmum lóðum, 1-3 ha að stærð. Einnig er gert ráð fyrir eflingu verslunar- og þjónustu innan þéttbýlisins þar sem sett eru inn tvö ný svæði þar sem m.a. er gert ráð fyrir veitinga- og gistipjónustu.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem íbúðarsvæði í þéttbýlinu í Árnesi eru stækkuð og fjölgað til tryggja nægt framboð lóða undir fjölbreyttar stærðir íbúðarhúsnæðis. Lögð er áhersla á samfellda byggð og að yfirbragð nýrrar byggðar taki mið af núverandi byggð.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem gert er ráð fyrir lágrestri byggð sem taki mið af þeirri byggð sem fyrir er. Gert er ráð fyrir opnum svæðum innan þéttbýlanna og gönguleiðum á milli svæða.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem skipulagstillagan gerir ráð fyrir safnræsum þar sem aðstæður leyfa en náttúrufarslegar aðstæður ráða mestu um það hvernig fráveitu er háttáð. Hvert heimili hefur þrjú ílát til flokkunar sorps auk þess sem tekið er við garðaúrgangi í Skafttholti.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem sköpuð eru skilyrði fyrir nýja atvinnu- starfsemi með iðnaðarsvæði við þéttbýlið í Árnesi. Þá verður stuðlað að eflingu núverandi atvinnu- starfsemi í sveitarfélaginu. Stefnt er að því að þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýlinu og að sem flestar háspennulínur verði lagðar í jörð.

Stefna sveitarfélagsins samræmist landsskipulagsstefnu þar sem stefnt er að því að ný íbúðarhús í dreifbýli nýti sem mest sömu heimreið og núverandi byggð. Innan þéttbýla er gert ráð fyrir góðum vegtengingum milli svæða og gönguleiðir eru meðfram götum auk þess sem þær eru lagðar með það í huga að tengja miðsvæði og önnur svæði saman.

4. Skipulag á haf- og strandsvæðum

Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Skipulagsákvæðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Samræmi skipulagstillögu við landsskipulagsstefnu

Engin strandsvæði eru afmörkuð í sveitarfélaginu.

4.1.1 Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 - 2020

Sorpa bs. stóð að gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020 ásamt Sorpstöð Suðurlands bs, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. og Sorpurðun Vesturlands hf. Skeiða- og Gnúpverjahreppur samþykkti svæðisáætlunina þann 25. ágúst 2009. Í svæðisáætlun segir m.a. að „Samkvæmt lögum skulu sveitarfélög semja og staðfesta áætlun um meðhöndlun úrgangs og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar. Mikilvægt er að við gerð úrgangsáætlunar fyrir sveitarfélagið séu skilgreind markmið og leiðir til að draga úr myndun úrgangs. Markmið skulu sniðin að heimilum og atvinnulífi og þróuð í samvinnu við nefndir og stofnanir í sveitarfélaginu þannig að markmiðin verði samhæfð í allri stefnumótun sveitarfélagsins“.⁷²

Tillögur svæðisáætlunarinnar „miða að því að ná þeim markmiðum sem sett eru í lögum um meðhöndlun úrgangs og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2004-2016. Jafnframt miða tillögurnar að því að uppfylla þá stefnu sorpsamlaganna að eftir 2020 verði engin lífræn eða brennanleg efni urðuð á starfssvæði samlaganna“.

„Stefnt er að því að draga úr myndun úrgangs í starfsemi sveitarfélaganna, auka endurnýtingu og endurnotkun, en meðhöndla lífrænan úrgang með umhverfisvænum og hagkvæmum gas- og jarðgerðarstöðvum eins og fært er. Talið er að þessar aðgerðir nægi til að ná markmiðum landsáætlunar fram yfir 2020. Jafnframt felst í stefnunni að framleiða brenni eða brenna brennanlegum úrgangi til að nýta orkuna í stað orku úr innfluttu jarðefnaeldsneyti og til að auka nýtingu urðunarstaða“.⁷³

Samræmi skipulagstillögu við Sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 - 2020.

Stefna sveitarfélagsins samræmist sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020 þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi flokkun úrgangs. Stefnt er að því að unnið verði að frekari umbótum í sorpmálum og m.a. verði íbúum gert auðveldara fyrir með flokkun sorps og lögð áhersla á jarðgerð lífræns úrgangs á svæðinu. Fræðsla til íbúa um aðferðir til að draga úr myndun úrgangs verði eflid.

Gámaplön eru í Árnesi og Brautarholti og þar er tekið við flokkuðum úrgangi. Við hvert heimili eru sorptunnur sem losaðar eru með reglubundnu millibili.

⁷² (Ögmundur Einarsson; Guðjón Guðmundsson; Guðmundur Tryggvi Ólafsson; Hrefna Bryndís Jónsdóttir, 2009).

⁷³ (Ögmundur Einarsson; Guðjón Guðmundsson; Guðmundur Tryggvi Ólafsson; Hrefna Bryndís Jónsdóttir, 2009).

Aðrar áætlanir og stefnumið

Stefnumörkun	Markmið í stefnum og áætlunum	Samræmi aðalskipulags við stefnur og áætlanir
Á landsvísu		
Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020	Stefnumótun Íslands um sjálfbæra þróun. Þar er mörkuð stefna um heilbriggt og öruggt umhverfi, verndun náttúru landsins, sjálfbæra nýtingu auðlinda og hnattræn viðfangsefni. Við gerð aðalskipulags og umhverfisskýrslu ber að taka mið af stefnumótuninni eftir því sem við á. Forðast ber að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvisterfi landsins.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við áherslur sem settar eru fram í Velferð til framtíðar. Í aðalskipulaginu er gerð grein fyrir þeim svæðum sem njóta sérstakrar verndar s.s. hverfisverndar.
Náttúruminjaskrá 7. útgáfa	Ráðherra gefur út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúruminjaskrá er samantekt yfir friðlýst svæði auk annarra merkra svæða á Íslandi sem ekki hafa verið friðlýst.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við náttúruminjaskrá og eru svæðin merkt inn á uppdrætti og gerð grein fyrir þeim í greinargerð. Svæði á náttúruminjaskrá eru eftirfarandi: - Friðlönd: Viðey í Þjórsá, Þjórsárver. - Aðrar náttúruminjar: Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá, Höfðaflatar, Kerlingafjöll.
Samgönguáætlun 2011-2022	Samgönguáætlun byggir á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðþróun.	Almennt er stefnan í samræmi við Samgönguáætlun. Gert er ráð fyrir nýjum vegi frá Þjórsárdalsvegi yfir á Landveg, s.k. Búðafossvegi. Stefna um færslu vega annars vegar framhá þéttbýlinu í Brautarholti og hins vegar neðan Árnass eru ekki í Samgönguáætlun. Ný lega veganna verður ákveðin í samráði við Vegagerðina. Þá er ný vegtenging af Þjórsárdalsvegi vegna þjónustumiðstöðvar við Þjóðveldisbæinn ekki í Samgönguáætlun.
Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141. Þingsályktun um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, nr. 16/144.	Í tillögunni voru virkjanakostir skv. Rammaáætlun flokkaðir í verndarflokk, biðflokk og orkunýtingarflokk. Samkvæmt gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, þá ber að skilgreina virkjanakosti í biðflokki sem varúðar- og öryggis-svæði og virkjanakosti í verndarflokki sem aðra náttúruvernd.	Virkjanakostir í biðflokki eru sýndir sem varúðarsvæði á uppdráttum: Urriðafoss-virkjun, Hestvatnsvirkjun, Vörðufells-virkjun og Holtavirkjun. Virkjanakostur í verndarflokki er sýndur sem önnur náttúruvernd á uppdrætti: Norðlingaölduveita. Virkjanakostur í orkunýtingarflokki er sýndur sem iðnaðarsvæði á uppdrætti: Hvammsvirkjun.
Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands	Markmiðið er að stuðla að því að gerð verði áætlun um vernd góðs ræktunarlands í merkingunni ræktað eða ræktanlegt land, enda er það mikilvæg, takmörkuð auðlind sem ýmist getur eyðst, rýrnað eða vaxið.	Stefna aðalskipulagsins samræmist þingsályktunartillögunni þar sem landbúnaðarland hefur verið flokkað í 4 flokka eftir gæðum þess og hæfni sem akuryrkjulands. Settir eru skilmálar um hvern flokk í greinargerð til verndar þessari auðlind.

Vegvísir í ferðapjónustu	Áfangastaðir ferðamanna verði skilgreindir í aðalskipulagi. Verndar- og sjálfbærnisjónarmið liggja til grundvallar uppbyggingar aðstöðu. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið.	Stefna aðalskipulags er í samræmi við Vegvísi í ferðapjónustu. Skilgreindir eru áningarstaðir fyrir ferðamenn undir landnotkunarflokknum afþreyingar- og ferðamannasvæði, þeir sýndir á uppdráttum og fjallað um þá í greinargerð. Skipulagið gerir ráð fyrir vegum, göngu-, reið og hjólaleiðum bæði í byggð og á hálendi og eru þær sýndar á uppdráttum og fjallað um þær í greinargerð.
Kerfisáætlun Landsnets 2018 - 2027	Landsneti ber, skv. raforkulögum nr. 65/2003, að leggja fram áætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku um landið. Árlega er lögð fram til samþykktar Orkustofnunar kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins, annars vegar til 10 ára og hins vegar framkvæmdaáætlun til þriggja ára.	Stefna aðalskipulagsins gerir ráð fyrir að sem flestar raflínur verði lagðar í jarðstrengjum.
Ramsar samningur um votlendi	Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.	Stefna aðalskipulagsins samræmist stefnu um verndun og skynsamlega nýtingu votlendissvæða. Þjórásarver eru friðlýst en þau eru mikilvægt votlendissvæði á heimsvísu, einkum vegna auðugs fuglalífs.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningurinn hefur það þríþætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting líffrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.	Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við stefnumörkunina m.a. með því að miða að því að staðsetja framkvæmdir utan verndarsvæða er verið að vernda líffræðilega fjölbreytni.
Rammasamningur SP um loftslagsbreytingar	Markmið samningsins er að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.	Stefna aðalskipulagsins styður við samning SP um loftslagsbreytingar m.a. með afmörkun skógræktar- og landgræðslusvæða.
Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum	Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á Íslandi í því skyni að standa við stefnu stjórnvalda og skuldbindingar í loftslagsmálum. Aðgerðaráætlunin var gerð til að framfylgja Parsíarsamkomulaginu	Stefna aðalskipulagsins styður við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum m.a. með því að stuðla að góðum vegtengingum við nágrannabyggðir m.a. með styttingu vega, áframhaldandi nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa, öflugra sorpflokkun og skógrækt- og landgræðslu.
Á svæðisvísu		
Aðalskipulag Flóahrepps 2017 – 2029, sem er í staðfestingarferli	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiðir.
Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 – 2020.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008 – 2020 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiðir.

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016 – 2032.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiðir.
Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiðir.
Aðalskipulag Akrahrepps 2010 – 2022.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Akrahrepps 2010 – 2022 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiðir.
Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005 – 2025.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005 – 2025 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiðir.
Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016 – 2028, sem er í auglýsingarferli.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- reið og hjólaleiðir.
Aðalskipulag Ásahrepps 2010 – 2022.	Stefna sveitarfélagsins um landnotkun.	Stefna sveitarfélagsins samræmist stefnu í Aðalskipulagi Ásahrepps 2010 – 2022 hvað varðar helstu málaflokka s.s. verndarsvæði, samgöngur, þ.m.t. göngu- og reiðleiðir.

4.2 AÐFERÐARFRÆÐI UMHVERFISMATS

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps og umhverfismatið er unnið af stýrihópi sveitarfélagsins og ráðgjöfum Eflu. Á fundum var fjallað um landnotkun í sveitarfélaginu, hvaða valkostir gætu komið til greina og kostir þeirra og gallar metnir. Í vinnunni var fyrst horft á hvaða þætti í stefnu aðalskipulagsins þarf að meta m.t.t. umhverfisáhrifa. Höfð var hliðsjón af leiðbeiningarskjali Skipulagsstofnunar við val á þeim umhverfisþáttum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar matinu⁷⁴.

Gerð er grein fyrir umhverfismatinu í kafla 4.3. Niðurstaða þessarar vinnu var nýtt til að marka ákjósanlega stefnu um landnotkun í sveitarfélaginu með því að taka ákvarðanir byggðar á mati á umhverfisáhrifum og þar sem við á voru settir skilmálar um mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum eins og kostur er.

4.2.1 Vægi umhverfisáhrifa

Skilgreining á vægi umhverfisáhrifa eru sett fram til að hægt sé að leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

⁷⁴ (Skipulagsstofnun, 2007).

Skilgreining á vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð áhrif (+)	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin eða ávinningurinn sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og getur verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg áhrif (<>)	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og í einhverjum tilvikum afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Enging/lítill (0)	Áhrif framkvæmdar á umhverfisþátt verða engin eða lítil.
Neikvæð áhrif (-)	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekna umhverfisþátta/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif (?)	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Áhrifin geta verið háð útfærslu.

4.2.2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið

Umhverfisþáttur getur verið t.d. gróðurfar, landslag eða samfélag. Þessir þættir eru þeir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem sett stefna leiðir af sér hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfisþættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfiskýrslu en hér er flokkun þeirra breytt lítillega eftir umræður í stýrihópi.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.

Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirliggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum út frá þeim viðmiðum sem til eru.

Umhverfisþáttur	Matsspurning	Viðmið
Náttúra: Dýralíf, gróður, jarðmyndanir og vistkerfi.	Hefur stefnan áhrif á gróður og dýralíf? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir og vistkerfi?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020.
Landslag og ásýnd; byggðamynstur, yfirbragð svæðis, náttúrulegt landslag.	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag? Hefur stefnan áhrif á ásýnd? Hefur stefnan áhrif á byggðamynstur og yfirbragð svæðis?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026: - Byggð falli að landslagi og náttúru og gangi ekki á verðmæt svæði að óþörfu.
Samfélag: íbúaþróun, þjónusta, efnahagur, atvinna, útivist, ferðamennska, landnotkun.	Er stefnan líkleg til að efla atvinnulíf?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026: - Skipulagsgerð stuðli að eflingu ferðaþjónustu.

	<p>Stuðlar stefnan að bættri þjónustu við íbúa og gesti?</p> <p>Stuðlar stefnan að styrkingu byggðarar, fjölgun íbúa og bættum lífsgæðum þeirra?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á gott landbúnaðarland?</p> <p>Styður stefna við skilvirkar göngu-, reið- eða reiðhjólaleiðir?</p>	- Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þörf.
<p>Heilsa, vellíðan og öryggi; mengun, náttúruvá, grunnvatn.</p>	<p>Hefur stefnan áhrif á heilsu og öryggi íbúa og gesta?</p> <p>Styður stefnan við aukin gæði byggðarinnar hvað varðar umferðaröryggi?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á hljóðvist og/eða loftgæði?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á líðan íbúa/gesta?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á útivistar- og afþreyingarmöguleika?</p> <p>Er hætta á mengun eða náttúruvá af völdum stefnunnar?</p> <p>Er stefnan líkleg til að stuðla að matvælaöryggi?</p> <p>Er hætta á loftslagsbreytingum af völdum stefnunnar?</p>	<p>Landsskipulagsstefna 2015 – 2026:</p> <p>- Skipulagsgerð stuðli að heilnæmu umhverfi m.t.t. vatnsgæða, loftgæða, hljóðvistar o.fl.</p> <p>Veðurstofan – saga sveitarfélagsins varðandi náttúruvá.</p>
<p>Minjar; menningarminjar, náttúru-minjar, verndarsvæði.</p>	<p>Hefur stefnan áhrif á fornminjar?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á náttúruminjar eða verndarsvæði?</p>	<p>Landsskipulagsstefna 2015 – 2026:</p> <p>- Skipulagsgerð stuðli að verndun náttúru- og menningargæða.</p> <p>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</p> <p>Skrá yfir friðlýstar fornleifar.</p> <p>Aðalskráning fornminja í þéttbýli, unnin árið 2017.</p> <p>Náttúruminjasrá.</p>

4.2.3 Valkostir og vinsun kosta

Vinna við umhverfismatið fór fram samhliða vinnu aðalskipulagsins. Greining valkosta er mikilvægur hluti umhverfismats áætlana og gerir ferli ákvarðanatöku gegnsærra. Samhliða stefnumörkuninni var valkostum stillt upp. Í kafla 4.3 eru bornir saman mismunandi valkostir fyrir stefnu aðalskipulagsins. Í umhverfismati áætlana ber að fjalla um svokallaðan núll-kost og bera breytta stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á. Núll kostur „*felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar áætlunarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núllkostinn falist í samanburði við framfylgd gildandi áætlunar*“⁷⁵.

⁷⁵ (Skipulagsstofnun, 2007).

4.3 UMHVERFISMAT

Endurskoðað aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps er að miklu leyti uppfærð skipulagsáætlun í samræmi við ný skipulagslög nr. 123/2010 og nýja skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Ekki er um mikla breytingu á stefnu að ræða samanborið við gildandi aðalskipulag. Nýtt aðalskipulag miðar í flestum tilfellum við stefnu gildandi aðalskipulags sem núllkost. Í ákveðnum tilfellum er breyting á stefnu sveitarfélags óbreytt eða það lítið breytt að ekki ekki þykir ástæða til að meta áhrifin sérstaklega og eru þeir landnotkunarflokkar ekki teknir inn í umhverfismatið.

Áhrifaþættir eru eftirfarandi:

- Frístundabyggð
- Byggingar á landbúnaðarsvæðum
- Verndun landbúnaðarlands í flokki I og II
- Skógrækt
- Uppgræðsla á verndarsvæðum í Þjórsárdal
- Ferðaþjónusta í Þjórsárdal
- Afþreyingar- og ferðamannsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Stakar framkvæmdir
- Efnistökusvæði
- Samgöngur
- Þéttbýli í Árnesi

4.3.1 Frístundabyggð

Stefna aðalskipulags fyrir frístundabyggð er sett fram í kafla 2.2.2 í greinargerð. Á árunum 2000 – 2016 voru byggð 61 frístundahús í sveitarfélaginu. Frístundasvæði eru tæplega 50 og taka yfir um 1.340 ha. Í aðalskipulaginu er mörkuð sú stefna að frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum og að jafnaði verði hún utan landbúnaðarlands í flokki I og II. Sett er inn ákvæði um áfangaskiptingu uppbyggingar þannig að áður en ný frístundasvæði innan jarðar eru tekin til skipulagsmeðferðar verða minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga að hafa byggst upp. Við næstu endurskoðun aðalskipulags verða þau svæði sem þá eru óbyggð, og engin áform eru um uppbyggingu á, felld út. Þá er heimilt að starfrækja þjónustumiðstöð/smáverslun sem þjónar svæðinu. Þrjú frístundasvæði eru felld út og eitt svæði er stækkað.

Valkostir

- Valkostur I – Ný frístundasvæði verði utan landbúnaðarlands í flokki I og II.
- Valkostur II – núll kostur. Svæði fyrir frístundabyggð eru óbreytt frá gildandi skipulagi.

Umhverfismat

Valkostur I

Stefnan er talin hafa **óveruleg** áhrif á umhverfispáttinn náttúru en gróður gæti orðið fyrir áhrifum vegna jarðrasks. Byggingar hafa alltaf áhrif á ásýnd svæða en þau eru metin **óveruleg** þar sem stefnan gerir ekki ráð fyrir fjölgun frístundasvæða. Stefnan er talin hafa **óveruleg** áhrif á samfélag en frístundasvæði geta haft áhrif á atvinnulíf vegna eftirspurnar eftir margvíslegri þjónustu og þau styrkja tekjustofna sveitarfélagsins. Stefnan er ekki talin hafa áhrif á minjar þar sem óheimilt er að framkvæma innan helgunarsvæðis minja og því eru áhrif á minjar metin **óveruleg**. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin **engin/lítill**.

Valkostur II

Líklegt er að eftirspurn eftir frístundalóðum verði svipuð og verið hefur undanfarin ár. Þónokkuð er af óbyggðum frístundasvæðum sem geta byggst upp. Núverandi svæði eru flest utan góðs ræktunarlands í flokki I og II.

Stefnan er talin hafa **neikvæð** áhrif á samfélag þar sem heimilt er að skilgreina frístundabyggð á góðu ræktunarlandi. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin **engin/lítill**.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>	<>	<>	0	<>
Valkostur II	0	0	-	0	0

Stefna um frístundabyggð er talin hafa óveruleg áhrif á náttúru, landslag og ásýnd, samfélag og minjar. Sveitarstjórn vill stuðla að því að sveitarfélagið verði áfram eftirsótt til frístunda og útivistar en þó utan landbúnaðarlands í flokki I og II. Nokkur frístundasvæði eru óbyggð og því ætti ekki að þurfa að skilgreina ný svæði. Verði ekki hafnar framkvæmdir eða komin áform um þær á svæðum sem enn verða óbyggð við næstu endurskoðun verða þau svæði felld út. Öll uppbygging nýrra svæða verður áfangaskipt.

4.3.2 Byggingar á landbúnaðarsvæðum

Stefna aðalskipulags fyrir landbúnaðarsvæði er sett fram í kafla 2.3.1 í greinarðgerð. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að hafa fjölbreytta atvinnustarfsemi sem ekki tengist landbúnaði s.s. verkstæði eða gistiheimili án þess að breyta aðalskipulagi. Gerð er grein fyrir byggingarheimildum í töflu 1 í kafla 2.3.1 í greinargerð.

Þá er heimilt að reisa stök íbúðarhús, skv. kafla 2.3.8 í greinargerð, á landbúnaðarsvæðum, sem ekki tengjast búrekstri. Einnig er heimilt að reisa stök frístundahús. Heimilt er að undangengnu deiliskipulagi/grenndarkynningu að byggja stök mannvirki á landbúnaðarsvæðum, að jafnaði utan landbúnaðarlands í flokkum I og II sbr. kafla 2.3.8 í greinargerð. Slíkar framkvæmdir gætu orðið heimilaðar innan góðs landbúnaðarlands í flokkum I og II í þeim tilvikum sem núverandi mannvirki eru á góðu landbúnaðarlandi og verið er að byggja í góðum tengslum við þau. Þá kann einnig að vera nauðsynlegt að heimila framkvæmdir vegna nýtingar akuryrkjulands og því verður aldrei um byggingabann að ræða. Stefnt er að því að uppbygging verði sem næst núverandi vegum og veitukerfum, en þó þannig að forðast sé að leggja verndarsvæði eða gott landbúnaðarland undir framkvæmdir.

Valkostir

- Valkostur I – Byggingarheimildir á landbúnaðarsvæðum eru endurskilgreindar. Byggingar skulu að jafnaði reistar í tengslum við núverandi mannvirki/vegi og veitukerfi og utan landbúnaðarlands í flokki I og II.
- Valkostur II – núll kostur. Heimilt er að reisa íbúðarhús, allt að 3 frístundahús og hafa takmarkaða veitinga- og gistiþjónustu og minjagripaverslun á landbúnaðarsvæðum. Íbúðarhús skulu vera í grennd við hvort annað.

Umhverfismat

Valkostur I

Áhrif stefnunnar á náttúru eru metin **óveruleg** en gróður gæti orðið fyrir áhrifum vegna jarðrasks. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin **óveruleg** en stefnan er ekki líkleg til að hafa áhrif á byggðamynstur dreifbýlisins þar sem um stök hús er að ræða sem verða í námunda við önnur hús. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** þar sem stefnan stuðlar að eflingu byggðarinnar, íbúafjölgun og aukinni fjölbreytni og nýsköpun í atvinnulífi með heimild til uppbyggingar ýmiskonar atvinnustarfsemi. Þá verða nýjar byggingar almennt utan landbúnaðarlands í flokki I og II. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **óveruleg** en aukin umferð á einstökum svæðum getur dregið úr umferðaröryggi og haft áhrif á loftgæði og hljóðvist. Áhrif á minjar gætu orðið einhver þar sem minjar og verndarsvæði gætu orðið fyrir áhrifum vegna aukinna umsvifa á svæðum. Hins vegar eru líkurnar fremur litlar vegna helgunarsvæðis minja og áhrifin eru því metin **óveruleg**.

Valkostur II

Heimild til uppbyggingar er takmörkuð við veitinga- og gistiþjónustu og minjagripaverslun ef um auka-búgrein er að ræða. Því er ólíklegt að um umtalsverða uppbyggingu verði að ræða.

Stefnan er talin hafa **óveruleg** áhrif á náttúru en gróður gæti orðið fyrir áhrifum vegna jarðrasks. Áhrif á landslag og ásýnd eru jafnframt talin vera **óveruleg** þar sem ekki er líklegt að þau hafi áhrif á byggðamynstur. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** og **neikvæð** þar sem stefnan heimilar takmarkaða uppbyggingu vegna tiltekinnar atvinnustarfsemi en kann að halda aftur af uppbyggingu atvinnustarfsemi þar sem einungis er gert ráð fyrir ákveðinni tegund starfsemi. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin **engin/lítill**.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>	<>	+	<>	<>
Valkostur II	<>	<>	+/-	0	0

Í heild hefur stefna um byggingarheimildir á landbúnaðarlandi jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfispætti. Stefna sveitarstjórnar er að mannvirki skuli reist sem næst núverandi mannvirkjum en það er hagkvæmara fyrir rekstur veitna og vega. Þá er einnig stefnt að eflingu byggðar og atvinnulífs og rýmri heimildum til uppbyggingar er ætlað að stuðla að því og einfalda íbúum að byggja upp atvinnurekstur. Horfið er frá því að takmarka fjölda íbúðarhúsa á hverri jörð enda er það talið geta staðið í vegi fyrir íbúafjölgun í sveitarfélaginu.

4.3.3 Verndun landbúnaðarlands í flokki I og II

Stefna aðalskipulags fyrir landbúnaðarsvæði er sett fram í kafla 2.3.1 í greinargerð. Landbúnaðarland sveitarfélagsins er flokkað í fjóra flokka og mörkuð er stefna um flokka I og II sem miða að því að góðu landbúnaðarlandi, sem hentar til matvælaframleiðslu, verði ekki spillt með óábyrgri landnotkun. Uppbygging mannvirkja innan svæða í flokki I og II er aðeins heimil í þeim tilvikum þar sem verið er að byggja á bæjartorfum sem eru á landi í þessum flokkum og skal þá gæta vel að því að raska samfellu í landi sem minnst með vegum og byggingum.

Markmiðið með verndun landbúnaðarlands í flokki I og II er fyrst og fremst að koma í veg fyrir að landi sé ráðstafað varanlega og með óafturkræfum hætti til annarrar landnotkunar en til landbúnaðar. Á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu háttar svo til að innan svæða í flokkum I og II eru mikilvæg og/eða verðmæt svæði m.t.t. vistkerfa og votlendis svo dæmi sé tekið. Við flokkunina er ekki tekin afstaða til slíkra þátta þar sem flokkunin er gerð í þeim mælikvarða að ómögulegt er að afmarka landið það nákvæmlega. Auk þess er flokkunin ekki einhlít og vera má að taka þyrfti einstaka staði til nánari skoðunar. Þegar og ef til þess kemur að vilji sé til að brjóta land til ræktunar á slíkum svæðum verður að fylgja lögum og reglugerðum þar að lútandi og því er líklegt að einhver svæði sem falla í flokk I og II verði aldrei tekin til ræktunar af þeim sökum, en skv. lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) njóta ákveðin vistkerfi, s.s. votlendi yfir 2 ha, sérstakrar verndar.

Áhrif af stefnunni eru metin **jákvæð** fyrir samfélagið að því leyti að besta ræktunarlandinu verður ekki ráðstafað varanlega til annarra nota en til landbúnaðar. Þá styrkir stefnan stoðir landbúnaðar með verndun ræktunarlands, sérstaklega með tilliti til þess að nægt landrými er í sveitarfélaginu fyrir aðra starfsemi, s.s. uppbyggingu og skógrækt. Áhrifin eru metin **óveruleg** hvað varðar aðra atvinnustarfsemi s.s. samfellda skógrækt, iðnaðar- eða þjónustustarfsemi þar sem nægt landrými er utan flokka I og II í sveitarfélaginu sem getur hentað slíkri starfsemi. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin **engin/lítill**.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	0	0	+/<>	0	0

Verndun góðs landbúnaðarlands hefur áhrif á aðra landnotkun og heimildir til framkvæmda. Almennt gildir að svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar. Samfelld skógrækt er óheimil á landi í flokkum I og II en getur verið í jaðri svæða s.s. til að veita skjól. Óheimilt er að skipuleggja ný íbúðar- og frístundasvæði á landi í flokkum I og II. Stefnan kveður á um að forðast skuli uppskiptingu jarða og þá sérstaklega landbúnaðarlands í flokki I og II.

Þrátt fyrir að settar séu skorður varðandi landnotkun á þeim jörðum sem hafa land í flokkum I og II á það ekki að hafa hamlandi áhrif fyrir t.a.m. uppbyggingu atvinnulífs þar sem víðast hvar er nægilegt landrymi í flokkum III og IV á jörðum og á þeim svæðum eru rýmri heimildir til framkvæmda.

Niðurstaða sveitarstjórnar er að áhrif af verndun góðs landbúnaðarlands í flokki I og II séu jákvæð til lengri tíma litið. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda og landslög að standa vörð um gott ræktunarsvæði svo nýta megi það til matvælaframleiðslu en gæta þarf að vernd vistkerfa s.s. votlendis þegar land er brotið til ræktunar.

4.3.4 Skógrækt

Stefna aðalskipulags fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði er sett fram í kafla 2.3.2 og 4.1.3 í greinargerð. Stefnu er breytt varðandi skógrækt en samfelld skógrækt, 10 ha eða stærri, þarf framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Þá verður samfelld skógrækt ekki heimiluð á landbúnaðarlandi í flokki I og II en getur verið í jaðri svæða. Stefnan er talin hafa **óveruleg** áhrif á náttúru þrátt fyrir að með tilkomu skógar geti sú gróðurþekja og tegundaval sem fyrir er á svæðum orðið fyrir áhrifum. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin **neikvæð** eða **óveruleg** þar sem skógur breytir ásýnd svæða og hefur áhrif á náttúrulegt landslag en stærð og staðsetning skógræktarsvæða skiptir mestu máli þegar meta á hversu umfangsmikil áhrifin eru. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** þar sem skógrækt getur bætt lífsgæði íbúa vegna skjóls. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** en skógrækt stuðlar að bættum loftgæðum og dregur úr hættu af völdum náttúruvárs vegna veðurs s.s. hvössum vindhviðum. Stefnan er ekki talin hafa áhrif á minjar þar sem taka þarf tillit til helgunarsvæðis þeirra. Áhrif á minjar eru því metin óveruleg.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>	<>/-	+	+	<>

Stefna um skógrækt er talin hafa óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúru og ásýnd svæða og því er mikilvægt að hugað sé vel að staðsetningu svæðanna. Stefnan er talin hafa fremur jákvæð áhrif fyrir byggð í sveitarfélaginu þar sem flokkun landbúnaðarlands verður lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum varðandi skógrækt. Stefna sveitarstjórnar er að skógrækt verði eflað til útivistar, skjóls og landbóta en jafnframt að hugað verði vel að staðsetningu skógræktarsvæða og þau spilli ekki útsýni, náttúru- eða söguminjum.


4.3.5 Uppgræðsla á verndarsvæðum í Þjórsárdal

Fjallað er um stefnumörkun fyrir skógrækt og landgræðslu í kafla 2.3.2 og 4.1.3 og um verndarsvæði í kafla 2.7 í greinargerð. Í Þjórsárdal er stunduð umfangsmikil landgræðsla sem gerð er grein fyrir í kafla 2.3 í forsenduhefti.


Á mynd 24 má sjá að innan landgræðslugirðingar eru svæði á náttúruminjaskrá eins og Stöng, Gjáin og Fossá. Auk þess eru svæði undir hverfisvernd innan girðingarinnar eins og gervígígar (HV5) og Þjórsárdalur (HV6).

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er stefnt að áframhaldandi endurheimt landgæða með uppgræðslu lands en forðast að skerða gildi minja og verndarsvæða. Samkvæmt viðauka I í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fellur stefna um uppgræðslu á verndarsvæðum undir tl. 1.08 og er því tilkynninga-skyld framkvæmd í flokki B.

Í stefnu sveitarstjórnar fyrir gervígígasvæðið, sem nær frá Hjalparfossi og inn með Reykholti, er mörkuð sú stefna að óheimilt sé að planta trjám á svæðinu. Búrfellsskógur (HV7) er einnig innan landgræðslugirðingar og einungis er heimilt að planta íslenskum plöntutegundum á svæðinu skv. ákvæðum hverfisverndar. Samkvæmt upplýsingum frá Skógræktinni er sú aðferð sem beitt hefur verið við uppgræðslu á svæðinu er einna helst dreifing kjötmjöls og plöntun birkitrjáa (mynd 25).



Mynd 24. Þjórsárdalur, rauð lína sýnir landgræðslugirðingu, ljósgræn lína sýnir afmörkun Hekluskóga.



Mynd 25. Yfirlit yfir framkvæmdir í Hekluskógum árin 2006 – 2016. Heimild: Skógræktin.

Gerð er breyting á stefnu að því leyti að á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil. Horfið er frá því að heimila uppgræðslu og trjáplöntun á verndarsvæðum til að stuðla að

vernd náttúrulegs landslags og óbreyttrar ásýndar. Birki hefur sáð sér nokkuð mikið í Þjórsárdal á undanförunum árum og gera má ráð fyrir að svo verði áfram.

Umhverfismat

Metnir verða eftirfarandi valkostir:

- Valkostur I – uppgræðsla og trjáplöntun er takmörkuð eða óheimil á verndarsvæðum í Þjórsárdal.
- Valkostur II – núll kostur: Heimiluð er uppgræðsla og trjáplöntun á verndarsvæðum í Þjórsárdal.

Valkostur I

Áhrif stefnunnar á umhverfisþáttinn náttúru eru metin **neikvæð** þar sem gróður getur átt erfitt uppdráttar á svæðinu s.s. vegna jarðvegsfoks. Hins vegar eru áhrifin einnig metin **jákvæð** þar sem stuðlað er að verndun þeirra jarðmyndana sem einkenna svæðið. Áhrif stefnunnar á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **neikvæð** þar sem ekki er stuðlað að bættum möguleikum til útivistar og bættum loftgæðum en jarðvegsfok gæti aukist. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin **engin/lítill**.

Valkostur II

Áhrif uppgræðslu á umhverfisþáttinn náttúru og þá einkum á gróður eru metin **jákvæð** þar sem gróður kemur líklega til með að aukast. Hins vegar eru áhrif uppgræðslu metin **neikvæð** á jarðmyndanir á svæðinu s.s. gervigíga vegna þess að þeir geta horfið í gróðri. Áhrif á landslag eru metin **neikvæð** þar sem náttúrulegt landslag breytist með tilkomu gróðurs. Áhrif á ásýnd eru metin **jákvæð** og **neikvæð** en gróður fegrar ásýnd gróðursnaðra svæða en getur einnig breytt ásýnd þeirra á neikvæðan hátt. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** þar sem uppgræðsla landsvæða dregur úr jarðvegsfoki og loftmengun af hennar völdum og gerir svæði ákjósanlegri til útivistar. Skógrækt myndar skjól og gerir svæði einnig ákjósanlegri til útivistar. Áhrif á minjar eru metin **óviss** þar sem gróður t.a.m. sjálfsáð birki getur breytt úr sér yfir minjasvæði.


Samantekt niðurstöðu

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	-/+	0	0	-	0
Valkostur II	+/-	-/+	0	+	?


Stefna um að uppgræðsla og trjáplöntun sé óheimil á verndarsvæðum er talin hafa jákvæð og neikvæð áhrif á náttúru en neikvæð áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi þar sem gróður gæti átt erfitt uppdráttar og jarðvegsfok gæti aukist. Stefna sveitarstjórnar er að stuðlað verði að verndun sögu-, náttúru- og menningarminja og að skógrækt verði takmörkuð eða óheimil á svæðum sem hún getur spilt s.s. vegna náttúrfars. Stefnan styður því við stefnu sveitarstjórnar.

4.3.6 Ferðapjónusta í Þjórsárdal

Stefna aðalskipulags fyrir verslunar- og þjónustusvæði er sett fram í kafla 2.3.3 í greinargerð.



Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði í Sandártungu og áformað að þar verði byggð upp þjónustumiðstöð sem þjóni öllum Þjórsárdalnum. Í rammaskipulagi fyrir útivist og ferðapjónustu í Þjórsárdal, sem unnið var árið 2013, er fjallað um þennan valkost og gert ráð fyrir að byggð verði upp alhliða þjónustu- og upplýsingamiðstöð fyrir Þjórsárdal, með gistingu, veitingasölu, verslun og öflugum tjaldsvæði ásamt upplýsingagjöf. Þar var svæðið fært norðar í Sandártungu, í nágrenni tjaldsvæðisins. Horfið er frá þeirri hugmynd að byggja upp stóra þjónustumiðstöð á svæðinu og stefnt að því að þar verði þjónusta sem getur stutt við þann rekstur sem fyrir er á svæðinu (tjald- og hjólhýsasvæði) auk þess að nýtast gestum sem aka þar um. Haldið er í þá staðsetningu sem sett var fram í rammaskipulaginu og svæðið er sett hjá tjaldsvæðinu svo þjónustan nýtist því líka. Gert er ráð fyrir að byggð verði upp gisting í húsum fyrir allt að 40 manns og veitingasala.



Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir upplýsinga- og þjónustumiðstöð við Þjóðveldisbæinn. Í rammaskipulagi varðandi útivist og ferðapjónustu fyrir Þjórsárdal, sem unnið var árið 2013, er fjallað um nauðsyn þess að sett verði gistaðstaða í nágrenni við Þjóðveldisbæinn til að dagleiðir fyrir gangandi fólk um Þjórsárdalinn verði hæfilega langar. Þar er lagt til að sett verði verslunar- og þjónustusvæði á staðnum. Við endurskoðun aðalskipulagsins er mörkuð sú stefna að við Þjóðveldisbæinn verði byggð upp alhliða upplýsinga og þjónustumiðstöð fyrir Þjórsárdal og þar verði veitingasala, verslun og gisting í húsum fyrir allt að 20 manns ásamt alhliða upplýsingagjöf. Stefnt er að uppbyggingu nær Þjóðveldisbænum en miðað var við í rammaskipulaginu og gildandi aðalskipulagi.

Umhverfismat

Valkostur I – uppbygging verslunar- og þjónustusvæða í Þjórsárdal (Sandártunga og Þjóðveldisbær).

Valkostur II – núll kostur. Engin uppbygging í Sandártungu né við Þjóðveldisbæ.

Valkostur I

Áhrif stefnunnar á umhverfisþáttinn náttúru eru metin **neikvæð** og þá einkum vegna gróðurs en svæðin eru sendið og mismikið gróin. Þá er eitthvað um birkikjarr og lynggróður. Áhrif á landslag eru metin **óveruleg** þar sem ekki er talið líklegt að náttúrulegt landslag verði fyrir áhrifum af völdum stefnunnar. Áhrif á ásýnd eru metin **óveruleg** eða **neikvæð** þar sem svæðin eru fremur flatlend og líklegt að ný mannvirki verði vel sýnileg. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** þar sem stefnan stuðlar að eflingu atvinnulífs og bættri þjónustu í Þjórsárdal sem nýtist jafnt íbúum og gestum. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** þar sem stefnan miðar að uppbyggingu á svæðinu með það fyrir augum að mæta þörfum íbúa og gesta sem fara þar um. Áhrif á minjar eru metin **óviss** en mikið er af minjum í Þjórsárdal sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna aukinna umsvifa á svæðinu. Einnig eru þar víðfeðm verndarsvæði.

Valkostur II – núll kostur

Íbúar og ferðamenn hafa sótt Þjórsárdal heim í auknum mæli á undanförunum árum og með fjölgun ferðamanna á landinu öllu má gera ráð fyrir að sú þróun haldi áfram. Ein af aðalleiðum inn á hálendið liggur um dalinn. Stefna er talin hafa **neikvæð** áhrif á samfélag og heilsu, vellíðan og öryggi þar sem ekki er stuðlað að atvinnuuppbyggingu og takmarkaða þjónustu og upplýsingar er að fá. Áhrif á minjar eru metin **óviss**. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin **engin/lítill**.

Samantekt niðurstöðu

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	-	<>/-	+	+	?
Valkostur II	0	0	-	-	?


Stefna um uppbyggingu ferðþjónustu í Þjórsárdal er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag og heilsu, vellíðan og öryggi en óveruleg eða neikvæð áhrif fyrir náttúru og landslag og ásýnd. Bæði íbúar og gestir njóta góðs af uppbyggingu tengdri verslunar- og þjónustu, atvinnulíf eflist og líklegt er að byggðin styrkist í kjölfarið. Stefna sveitarstjórnar er að stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum í sveitarfélaginu og efla þau atvinnutækifæri sem fyrir eru. Fjölgun gistiþlássna bætir þjónustu við þá ferðamenn sem fara um svæðið en nýtist einnig íbúum. Auk þess getur stefnan leitt til aukinnar eftirspurnar eftir ýmis konar annarri þjónustu og afþreyingu á svæðinu sem og eftirspurn eftir íbúðarlóðum.

4.3.7 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Stefna aðalskipulags fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði er sett fram í kafla 2.3.4 í greinargerð. Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru einkum afmörkuð þar sem um er að ræða staði sem ætlaðir eru ferðafólki til að staldra við s.s. við fossa og aðra áhugaverða staði. Einnig eru þetta tjaldsvæði og veiðihús í byggð og fjallasel og skálasvæði á afréttum. Flestir staðirnir eiga það sameiginlegt að vera tilgreindir sem áhugaverðir eða sérlega áhugaverðir viðkomustaðir skv. kortlagningu Ferðamálastofu á auðlindum ferðapjónustunnar. Á svæðunum er gert ráð fyrir heimild til að halda við mannvirkjum eða byggja ný í þeirra stað auk þess að gera bílastæði, göngustíga og byggja allt að 35 m² þjónustuhús. Á fjölförnum stöðum eins og við Hjálparfoss, Háafoss og Granna og Gjána er t.a.m. engin snyrtiaðstaða.

Valkostir

- Valkostur I – afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreind og mörkuð stefna um uppbyggingu á svæðunum.
- Valkostur II – núll kostur. Ekki gert ráð fyrir nýjum áningarstöðum né uppbyggingu á núverandi stöðum.



Mynd 30. Salernisaðstaða í Selfit.

Umhverfismat

Valkostur I

Stefnan er talin hafa **jákvæð** áhrif á umhverfispáttinn náttúru þar sem bætt aðstaða getur stuðlað að vernd gróðurs á svæðunum. Mannvirki hafa alltaf áhrif á landslag og ásýnd en lögð verður rík áhersla á að vandað verði til verka við hönnun og frágang þeirra svo þau falli sem best að landslagi og valdi sem minnstum áhrifum á ásýnd. Áhrifin eru því metin **óveruleg**. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** en bætt aðstaða á afþreyingar- og ferðamannastöðum er líkleg til að bæta öryggi gestanna og stuðlar að bættum möguleikum til útivistar. Áhrif á samfélag og minjar eru metin **engin/lítill** en ekki er líklegt að uppbygging á svæðunum hafi áhrif á minjar.

Valkostur II

Svæðin sem skilgreind eru sem afþreyingar- og ferðamannasvæði eru flest vinsælir áningarstaðir og munu að öllum líkindum verða það áfram. Ekki er gert ráð fyrir viðhaldi svæðanna eða uppbyggingu á þeim. Stefnan er talin hafa **neikvæð** áhrif á náttúru en sum svæðin hafa látið á sjá vegna átroðnings og skorts á aðstöðu. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **neikvæð** en skortur á aðstöðu s.s. göngustígum og merkingum getur haft áhrif á öryggi gesta á svæðunum. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin **engin/lítill**.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	+	<>	0	+	0
Valkostur II	-	0	0	-	0

Stefna um afþreyingar- og ferðamannasvæði er á heildina litið talin hafa fremur jákvæð áhrif á umhverfispætti. Sveitarstjórn leggur áherslu á að hugað verði að öryggismálum á ferðamannastöðum og vandað verði til uppbyggingar á svæðunum. Bætt aðstaða á áningarstöðum stuðlar að vernd náttúrunnar en skortur er á aðstöðu við helstu áningarstaði s.s. hreinlætisaðstöðu. Fjölgun ferðamanna á svæðunum getur haft neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir svæðin. Því vill sveitarstjórn sporna gegn og stuðla að því að á áningarstöðum verði komið upp góðum bílastæðum, göngustígum og þjónustuhúsi sem nýtist jafnt ferðamönnum og íbúum. Þá er einnig þörf á að bæta öryggi og merkingar á áningarstöðum.

4.3.8 Iðnaðarsvæði

Stefna aðalskipulags fyrir iðnaðarsvæði er sett fram í köflum 2.3.7, 3.5.7 og 4.1.2 í greinargerð. Þar er einkum horft til þess að sköpuð verði ákjósanleg skilyrði til nýsköpunar í atvinnustarfsemi ásamt því að núverandi starfsemi eflist.

Stefnu er breytt varðandi iðnaðarsvæði í dreifbýlinu en nýtt iðnaðarsvæði, I13, er sett inn sunnan við Árnes. Þar er m.a. gámasvæði en hugmyndir eru um uppbyggingu tengdri orkufrekri og hreinlegri starfsemi. Vilji er til þess að nýta hluta þeirrar raforku sem framleidd er innan sveitarfélagsins í þágu byggðarinnar og því er sett inn nýtt iðnaðarsvæði til að gera uppbyggingu á starfsemi mögulega.

Umhverfismat

- Valkostur I – allt að 40 ha iðnaðarsvæði við Árnes þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu tengdri orkufrekri og hreinlegri starfsemi.
- Valkostur II – núll kostur. Ekki er gert ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði.

Valkostur I

Metið er að stefnan hafi **óveruleg** áhrif á umhverfispáttinn náttúru þrátt fyrir að gróður á svæðinu verði fyrir áhrifum vegna jarðrasks. Áhrif á landslag og ásýnd eru metin **neikvæð** þar sem byggingar á iðnaðarsvæði eru taldar geta haft áhrif á það byggðamynstur sem fyrir er á svæðinu. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** þar sem sköpuð eru skilyrði fyrir nýsköpun og eflingu atvinnulífs og styrkingu tekjustofna sveitarfélagsins. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin **óveruleg**.

Valkostur II

Iðnaðarstarfsemi innan sveitarfélagsins tengist raforkuframleiðslu og gera má ráð fyrir að hún verði stunduð áfram. Skipulagið gerir ráð fyrir byggingu Hvammsvirkjunar (sjá umfjöllun um virkjanir hér að neðan).

Stefnan er talin hafa **engin/lítill** áhrif á umhverfispætti.

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>	-	+	0	0
Valkostur II	0	0	0	0	0

Stefna um iðnaðarsvæði við Árnes er á heildina lítið talin hafa fremur neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Byggingar tengdar iðnaði geta haft áhrif á það byggðamynstur sem fyrir er auk þess sem svæðið er flatlengt og mannvirki sjást víða að. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð þar sem atvinnumöguleikar gætu aukist. Sveitarstjórn leggur áherslu á að sköpuð verði ákjósanlega skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi og að iðnaðarstarfsemi verði ekki á landbúnaðarlandi í flokki I og II. Stefnan samræmist þessum markmiðum sveitarstjórnar þar sem stefnan getur stuðlað að eflingu atvinnu og svæðið er utan góðs landbúnaðarlands. Á svæðinu er lögð áhersla á hreinlegan og orkufrekan iðnað.

Hér að neðan er gerð grein fyrir þeim virkjanaframkvæmdum sem þegar hafa farið í gegnum umhverfismat framkvæmda skv. gilandi lögum og reglugerðum þar að lútandi.

Búrfellsvirkjun

Búrfellsvirkjun var byggð á árunum 1966 – 1972 og var upphaflega 210 MW. Á árunum 1997 – 1999 var búnaður virkjunarinnar endurnýjaður og afl hennar jókst í 270 MW. Framkvæmdir við stækkun Búrfellsvirkjunar um allt að 140 MW hófust vorið 2016 og var virkjunin tekin í notkun vorið 2018. Áfanginn er kallaður Búrfell 2. Markmið Landsvirkjunar með stækkun virkjunarinnar er að mæta vaxandi orkuþörf í landinu en hlutverk stofnunarinnar er að hámarka afrakstur þeirra orkulinda sem fyrirtækið hefur umsjón með. Áhrifasvæði stækkunarinnar er allt innan þjóðlendu og spannar um 9 km² og nær austur fyrir Búrfell þar sem rennsli í Þjórsá mun minnka. Aðalskipulagsbreyting þar sem gert var ráð fyrir stækkuninni var staðfest af Skipulagsstofnun þann 4. maí 2015. Markmið sveitarstjórnar með

breytingunni var að „*efla atvinnulíf og möguleika til orkuöflunar og nýta betur þá vatnsmiðlun sem fyrir hendi er á Þjórsársvæðinu*“⁷⁶.

Í tæslum við stækkun virkjunarinnar voru gerðar breytingar á tengivirki hennar. Í Kerfisáætlun Landsnets 2016 – 2025 er gerð grein fyrir framkvæmdinni en lagður var jarðstrengur frá Búrfelli 2 í núverandi tengivirki⁷⁷. Fram kemur í umhverfisskýrslu Kerfisáætlunarinnar að þar sem jarðstrengurinn er styttri en 10 km er framkvæmdin ekki háð lögum um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif stefnunnar eru metin **óverulega neikvæð** en jarðstrengurinn mun liggja innan iðnaðarsvæðis virkjunarinnar⁷⁸.

Hvammsvirkjun

Hvammsvirkjun er fyrirhuguð í Þjórsá, um 15 km neðan við Búrfellsstöð. Samkvæmt Rammaáætlun 2 er virkjunin í orkunýtingarflokki⁷⁹. Gert var ráð fyrir virkjuninni í gildandi aðalskipulagi, með breytingu sem staðfest var þann 18. febrúar 2011. Árið 2001 – 2003 var unnið mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar og féllst Skipulagsstofnun á framkvæmdina með úrskurði sem var staðfestur í apríl árið 2004. Við útboðshönnun voru gerðar ýmsar breytingar á hönnun virkjunarinnar. Má þar nefna að rúmmál lónsins og flatarmál þess var minnkað, dregið var úr sýnileika stöðvarhúss og annarra mannvirkja og úr umfangi haugsvæða. Einnig var mótvægisáðgerðum fjölgað vegna áhrifa framkvæmdarinnar á lífríki árinna.

Þar sem framkvæmdir við virkjunina hófust ekki innan 10 ára frá upphaflegu mati á umhverfisáhrifum úrskurðaði Skipulagsstofnun í desember 2015 að endurtaka skyldi mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar að hluta til, þ.e. áhrif á ferðaþjónustu og útivist og á landslag og ásýnd. Matsskýrslan kom út í október 2017.

Skipulagsstofnun sendi frá sér álit á matsskýrslu Hvammsvirkjunar þann 12. mars 2018. Í álitni stofnunarinnar varðandi áhrif á landslag kemur m.a. fram að virkjunin hafi einkum áhrif á farveg Þjórsár og bakka hennar, annars vegar í farvegi Þverár og hins vegar neðan stíflu þar sem vatnsmagn í ánni minnkar verulega. Áhrifin verða verulega neikvæð að mati stofnunarinnar þar sem umfangsmiklu svæði verður raskað og áhrif á ásýnd mun gæta víða. Draga verður eins og kostur er úr manngerðri ásýnd lónsins s.s. með gerð stíflugarða að mati Skipulagsstofnunar.

Í álitni Skipulagsstofnunar varðandi útivist og ferðaþjónustu segir að áhrifin ráðist af áhrifum framkvæmdanna á landslag. Framkvæmdir munu ekki aðeins hafa sjónræn áhrif á landslag heldur munu þær einnig hafa áhrif á upplifun þeirra sem stunda útivist á svæðinu. Stofnunin telur að framkvæmdir muni hafa talsverð neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu. Stofnunin bendir á mikilvægi mótvægisáðgerða í þessu samhengi til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdanna.

Mótvægisáðgerðir eru eftirtaldar skv. matsskýrslu⁸⁰:

- Draga úr sýnileika mannvirkja frá ferðaleiðum.
- Tryggja að möguleikar til útivistar minnki ekki á framkvæmdatíma, þ.e. með göngu- og reiðleiðum.
- Mannvirki verði látlaus en áhugaverð.
- Áferð og litur steinsteypra mannvirkja falli vel að umhverfi.
- Takmarka sýn að mannvirkjum með gróðri.
- Stífla og stíflugarðar verði grædd upp loftmegin þar sem það á við.
- Brjóta upp einsleitt útlit stíflugarða með landmótun.
- Styrkja strandsvæði, tanga og nes sem standa út í Hagalón.
- Forma haugsvæði þannig að þau falli vel að landi.
- Nýta svarðlag af framkvæmdasvæði við lokafrágang og/eða viðhalda grenndargróðri.
- Græða upp uppblásturssvæði og haugsvæði.

⁷⁶ (Skeiða- og Gnúpverjahreppur, 2014).

⁷⁷ (Landsnet, 2016b).

⁷⁸ (Landsnet, 2016a).

⁷⁹ (*Núgildandi rammaáætlun, þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða*, 2013).

⁸⁰ (Ólafur Árnason o.fl. *Efla verkfræðistofa* 2017).

- Rækta trjágróður á völdum stöðum á framkvæmdasvæði.
- Tryggja lágmarksrennsli 10 m³/s í farvegi Þjorsár frá stíflu að frárennisskurði virkjunar neðan Ölmóðseyjar.
- Endurheimta votlendi á Suðurlandi.

4.3.9 Stakar framkvæmdir

Stefna aðalskipulagsins fyrir stakar framkvæmdir er sett fram í kafla 2.3.8 og 4.1.4 í greinargerð.

Stefnubreyting er gerð varðandi stakar framkvæmdir þar sem heimilaðar verða eftirtaldar framkvæmdir í sveitarfélaginu án þess að breyta aðalskipulagi:

- Vindrafstöðvar, allt að 20 m háar.
- Sólarrafstöðvar til eigin nota, allt að 1 MW.
- Fjarskiptamöstur, að hámarki 20 m.
- Vatnsaflsvirkjun, allt að 200 kW, ásamt lögnum, vegum, miðlunarlóni og aðstöðuhúsi, allt að 15 m².
- Örvirkjanir, allt að 100 kW.
- Hitaveita, heimilt er að virkja heitt vatn, allt að 2.500 kW.
- Veitumannvirki, s.s. sepnistöðvar og dælustöðvar, stærð bygginga allt að 20 m².
- Þjónustuhús og kynningaraðstaða við áningarstaði, allt að 20 m².

Lögð er áhersla á að stök mannvirki, þ.e. þau mannvirki sem eru í takmörkuðum eða engum tengslum við skilgreinda landnotkun, eigi ekki alls staðar við og því er mikilvægt að skoða hvert tilfelli fyrir sig. Nauðsynlegt er að slík uppbygging sé í samræmi við skipulag og að hagsmunaaðilar viti af fyrirhugaðri framkvæmd og geti komið með ábendingar eða athugasemdir. Því er gert ráð fyrir að stök mannvirki séu ávallt í samræmi við deiliskipulag eða grenndarkynningu og eftir atvikum háð framkvæmdaleyfi.

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fellur stefna um vatnsaflsvirkjanir allt að 200 kW og vindrafstöðvar allt að 2 MW undir framkvæmdir í flokki C, sem tilgreindar eru í viðauka laganna. Því verður aðeins horft til þeirra við umhverfismat þar sem líklegast er að mestu umhverfisáhrifin stafi af þeim framkvæmdum.

Umhverfismat

- Valkostur I – Heimilaðar eru stakar framkvæmdir.
- Valkostur II – núll kostur. Ekki eru heimilaðar stakar framkvæmdir.

Valkostur I

Áhrif á náttúru eru metin **óveruleg** eða **neikvæð** þar sem tiltekin mannvirki sem heimiluð eru í stefnunni geta haft óafturkræf áhrif á náttúru, dýralíf og vistkerfi. Áhrif stefnunnar á landslag eru metin **óveruleg** eða **neikvæð** þar sem tiltekin mannvirki sem heimiluð eru í stefnunni geta haft í för með sér varanlegar breytingar á landslagi. Áhrif stefnunnar á ásjúnd eru metin **óveruleg** eða **neikvæð** þar sem tiltekin mannvirki sem heimiluð eru í stefnunni geta sést langt að. Áhrif stefnunnar á samfélag eru metin **jákvæð** þar sem stuðlað er að bættum lífsgæðum íbúa. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **óveruleg** eða **neikvæð** en tiltekin mannvirki sem heimiluð eru í stefnunni geta haft áhrif á hljóðvist í næsta nágrenni. Áhrif á minjar eru metin **óveruleg** en fremur lítil hættu er talin vera á að þær verði fyrir áhrifum af stefnunni.

Valkostur II – núll kostur

Stefnan er talin hafa **neikvæð** áhrif á samfélag þar sem hún getur hamlað smáframkvæmdum sem geta stuðlað að bættum lífsgæðum fyrir íbúana. Áhrif á aðra umhverfispætti eru metin **engin/lítill**.

Samantekt niðurstöðu

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>/-	<>/-	+	<>/-	<>
Valkostur II	0	0	-	0	0

Stefna um stakar framkvæmdir er á heildina lítið talin hafa óveruleg eða neikvæð áhrif á umhverfisþætti. Með stefnunni vill sveitarstjórn liðka fyrir minniháttar framkvæmdum. Stefna sveitarstjórnar er að efla byggð og atvinnulíf og stefnan styður við það með því að heimila uppbyggingu sem er m.a. til þess fallin að stuðla að bættum lífsgæðum og öryggi íbúa og/eða gesta.

4.3.10 Efnistökusvæði

Stefna aðalskipulags fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði er sett fram í kafla 2.3.9 og 4.1.5 í greinargerð. Í aðalskipulaginu eru 45 efnistöku- og efnislosunarsvæði afmörkuð á uppdráttum, bæði í byggð og á hálendi. Nokkur ný svæði eru sett inn en þau eru flest öll á bújörðum og eiga það sameiginlegt að þar hefur farið fram efnistaka og öll eru þau ætluð til einkanota og stærð og heimild til efnistöku er fremur lítil. Hins vegar eru efnistökusvæði sem tengjast virkjunum talsvert stærri. Ekkert efnistökusvæðanna er innan verndarsvæða. Stefna sveitarfélagsins er að framboð af efnistökusvæðum sé nægilegt fyrir skipulagstímabilið. Metið er að stefna um efnistökusvæði hafi fremur **neikvæð** áhrif á náttúru þar sem öll efnistaka hefur í för með sér jarðrask. Þá eru áhrif á landslag og ásýnd metin **neikvæð** en náttúrulegt landslag breytist á svæðunum. Áhrif á ásýnd svæða er einkum neikvæð á framkvæmdatíma. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin **engin/lítill**.

Niðurstaða

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	-	-	0	0	0


Stefna um efnistökusvæði er talin hafa fremur neikvæð áhrif á umhverfisþætti og þá einkum á náttúru og landslag og ásýnd. Stefna sveitarstjórnar er að stuðla að nægu framboði efnistökusvæða í grennd við notkunarstað, gott framboð af efni dregur úr efnisflutningum og þar með losun kolefnis, sem af þeim skapast. Stefnan styður við stefnu sveitarstjórnar þar sem um 45 efnistökusvæði eru sett inn á skipulagið. Lögð er áhersla á að efnistökusvæði hafi framkvæmdaleyfi, þau séu utan verndarsvæða, vel sé gengið um þau á framkvæmdatíma og að vinnslu lokinni verði svæðið sem líkast aðliggjandi landi.

4.3.11 Samgöngur

Stefna aðalskipulagsins fyrir samgöngur í dreifbýli er sett fram í kafla 2.5 í greinargerð. Vegir í dreifbýlinu eru stofnvegir, tengivegir og héraðsvegir. Í gildandi skipulagi er stefnt að samgöngubótum sem miða að því að styrkja tengsl innan sveitarfélagsins og við nágrannabyggðir. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er mörkuð stefna sem miðar að því að bæta umferðaröryggi. Gerð er breyting á stefnu varðandi legu stofnvega á tveimur stöðum, annars vegar Skeiða- og Hrunamannavegar við Brautarholt og hins vegar Þjórsárdalsvegur skammt neðan Árnass.

Skeiða- og Hrunamannavegur

Við Brautarholt er umferðarhraði takmarkaður vegna þess hve vegsýn fram á við er lítil en vegurinn liggur í sveig og yfir hæð. Auk þess birgir trjágróður sýn á hluta vegkaflans og þarna hafa orðið alvarleg slys. Færsla vegarins styttr leiðina lítillaga, gerir vegsýn fram á veginn mun betri og bætir þar með umferðaröryggi. Myndir (31 og 32) hér að neðan sýna þá breytingu sem gerð er á veginum. Fram kom í athugasemdum Vegagerðarinnar við aðalskipulagstillöguna á kynningartíma hennar að „*Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við þær breytingar á vegum sem nefndar eru í greinargerðinni og sýndar á aðalskipulagsuppdrættinum. Það kann þó að vera að þessar veglínur breytist lítillaga við nánari hönnun.*“



Mynd 31. Valkostur I

Mynd 32. Valkostur II

Umhverfismat

Bornir veru saman eftirfarandi valkostir varðandi Skeiða- og Hrunamannaveg:

- Valkostur I – Skeiða og Hrunamannavegur færður út fyrir þéttbýlið við Brautarholt.
- Valkostur II – núll kostur. Óbreytt lega Skeiða- og Hrunamannavegar.

Valkostur I

Áhrif stefnunnar á umhverfisþáttinn náttúru eru metin **neikvæð** þar sem gróður og vistkerfi á landi sem lendir undir vegi verða fyrir áhrifum. Vistgerðir eru einkum graslendi og votlendi. Allur suðurhluti sveitarfélagsins er á Þjórsárhrauni. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** en stefnan stuðlar að bættum lífsgæðum íbúa í þéttbýlinu í Brautarholti þar sem líklegt er að dragi úr umferð og jafnvel að umferð verði hægari. Áhrif á samfélag eru hins vegar líka metin **neikvæð** þar sem land sem lendir undir vegi er í flokki II skv. flokkun landbúnaðarlands og því leiðir stefnan til skerðingar á góðu landbúnaðarlandi. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** en stefnan stuðlar að bættu umferðaröryggi þar sem vegsýn fram á við er talsvert betri á nýju vegsvæði. Þá stuðlar stefnan að bættri hljóðvist og loftgæðum fyrir íbúa í Brautarholti. Áhrif á minjar eru metin **óviss** vegna nálægðar við áveituskurð.

Valkostur II

Í Brautarholti er umferðarhraði tekinn niður þar sem vegarkafllinn yfir hæðina gegnum þéttbýlið þykir hættulegur. Gera má ráð fyrir að umferð haldist svipuð eða aukist á komandi árum og því verður áfram ástæða til að halda umferðarhraða niðri til að reyna að stuðla að öryggi vegfarenda. Núll kostur er því talinn hafa **neikvæð** áhrif á umhverfisþáttinn heilsu, vellíðan og öryggi þar sem núverandi vegur í gegnum Brautarholt er varasamur og stefnan stuðlar ekki að úrbótum til betra umferðaröryggis. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin **engin/lítill**.


Samantekt niðurstöðu

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	-	0	+/-	+	?
Valkostur II	0	0	0	-	0

Stefna um færslu vegar út fyrir þéttbýlið í Brautarholti er talin hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfisþætti og þá einkum á náttúru, landslag og ásýnd og samfélag. Stefna sveitarstjórnar er að leita hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að betra umferðaröryggi innan héraðs. Stefnan samræmist þessari stefnu sveitarstjórnar þar sem veglína verður beinni og vegsýn framávið batnar. Vegna nálægðar við áveituskurð er óvist hvort stefnan hafi áhrif á minjar. Sveitarstjórn er meðvituð um að með breytingunni raskast votlendi og hugsanlega einnig minjar. Áhrif af bættu umferðaröryggi eru þó talin vega þyngra. Við framkvæmdina skal reynt að hafa sem minnst áhrif á votlendi og minjar.

4.3.12 Þéttbýli í Árnesi

Stefna aðalskipulagsins fyrir þéttbýli er sett fram í kafla 3 í greinargerð. Samkvæmt stefnu gildandi skipulags skal uppbygging verslunar og þjónustu vera að mestu bundin við þéttbýlisstaðina. Í stefnu endurskoðaðs aðalskipulags er þéttbýlið stækkað um sem nemur 30 ha, núverandi íbúðarsvæði eru stækkuð auk þess sem sett er inn nýtt íbúðarsvæði norðan Gnúpverjavegar. Svæði fyrir verslun og bensínstöð er stækkað til vesturs. Þá er nýtt verslunar- og þjónustusvæði innan þéttbýlisins þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu tengdri ferðaþjónustu. Afþreyingar- og ferðamannasvæðið er stækkað og sett inn iðnaðarsvæði fyrir hreinsivirki og spennistöð. Loks er landbúnaðarsvæði innan þéttbýlisins og þar er gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa á stórum lóðum. Lögð er áhersla á þéttingu byggðarinnar í þéttbýlinu. Stefnan gerir ráð fyrir fjölgun íbúa um tæplaga 70 – 80 manns á skipulagstímabilinu. Þá er líklegt að í tengslum við uppbyggingu í Þjórsárdal þurfi að gera ráð fyrir íbúðum fyrir starfsfólk. Með því að bæta við íbúðarsvæðum og stefna að þéttingu byggðarinnar er komið til móts við áætlaða þörf fyrir íbúðarhúsnæði m.v. spá um íbúafjölgun á skipulagstímabilinu. Þéttbýlið er allt byggt á Þjórsárhrauni, eins og talsverður hluti sveitarfélagsins. Vistgerðir eru mosamóavist, víðikjarrvist, eyðihraunavist, þéttbýli og annað manggert land. Ekkert votlendi er innan þess svæðis sem stækkun þéttbýlisins nær yfir.



Umhverfismat

- Valkostur I – þéttbýlið stækkað. Breyting er gerð á stefnu varðandi íbúðarsvæði, afþreyingar- og ferðamannasvæði, verslunar- og þjónustusvæði og landbúnaðarsvæði.
- Valkostur II – núll kostur. Engin breyting á stefnu fyrir þéttbýlið.

Valkostur I

Áhrif af stækkun þéttbýlisins á náttúru og þá einkum á gróður eru **óveruleg** þrátt fyrir að gróður geti orðið fyrir áhrifum vegna jarðrasks. Allar byggingar hafa áhrif á ásýnd en þau eru metin **óveruleg** vegna þeirra áhrifa sem þegar hafa orðið vegna þéttbýlisins og haldið verður í það byggðamynstur sem fyrir er á svæðunum. Áhrif á samfélag eru metin **jákvæð** þar sem stuðlað er að íbúafjölgun og eflingu atvinnulífs í þéttbýlinu. Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru metin **jákvæð** en stækkun þéttbýlisins og lagning göngustíga milli svæða geta bætt möguleika íbúa til útivistar. Hins vegar geta áhrifin verið **neikvæð** að því leiti að líklegt er að umferð komi til með að aukast og það hefur neikvæð áhrif á loftgæði og hljóðvist. Þá þurfa íbúar á nýju íbúðarsvæði norðan Gnúpverjavegar að fara yfir nokkuð stóra umferðargötu, t.d. börn á leið í skóla. Áhrif á minjar eru metin **óviss** en minjar innan þéttbýlisins gætu orðið fyrir áhrifum af völdum stefnunnar.

Valkostur II

Íbúðarsvæði í Árnesi er ekki fullbyggt en þar voru byggðar 10 íbúðir á árunum 2000 – 2009. Gera má ráð fyrir að íbúðarsvæðin byggist að fullu upp á skipulagstímabilinu.

Áhrif á samfélag og þá einkum á íbúapróun eru metin **jákvæð** þar sem stefnan stuðlar að þéttingu núverandi íbúðarsvæða. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin **engin/lítill**.

Samantekt niðurstöðu

	Náttúra	Landslag og ásýnd	Samfélag	Heilsa, vellíðan og öryggi	Minjar
Valkostur I	<>	<>	+	+/-	?
Valkostur II	0	0	+	0	0

Stefna um þéttbýlið í Árnesi hefur á heildina litið óveruleg eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Helstu neikvæðu áhrif af stefnunni varða öryggi gangandi vegfarenda frá íbúðarsvæði norðan Gnúpverjavegar. Líkur eru á að með stækkun þéttbýlisins og fjölgun íbúðarlóða muni íbúum fjölga í sveitarfélaginu. Landskipulagsstefna leggur áherslu á að styrkja þá kjarna sem fyrir eru og stefna aðalskipulagsins í samræmi við það. Þá samræmist stefnan einnig stefnu sveitarstjórnar um að stækka núverandi íbúðarbyggð en haldið verði góðum tengslum við miðsvæði.

4.4 TILKYNNINGA- EÐA MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR Á SKIPULAGSTÍMABILINU

Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir þær framkvæmdir sem áætlað er að fari í framkvæmd á skipulags tímabilinu og eru, eða kunna að vera, háðar lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Listinn er ekki endilega tæmandi.

Stefna	Flokkur framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.	Skýring
Hvammsvirkjun	A	Virkjanir þar sem uppsett afl er 10 MW eða meira. Efnistöku- og efnislosunarsvæði falla undir mat á virkjunum.
Ferðapjónusta í Þjórsárdal	B	Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis.
Uppgræðsla á verndarsvæðum í Þjórsárdal	B	Uppgræðsla á verndarsvæðum.
Iðnaðarsvæði við Árnes	C	Mannvirkjagerð vegna þróunar iðnaðarsvæðis sem tekur til allt að 50 ha svæðis.
Efnistökusvæði E1, E5, E26, E27, E32, E33	A	Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m ² svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m ³ eða meira.
Efnistökusvæði E13	B	Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m ² svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m ³ eða meira. Efnistaka og/eða haugsetning þar sem fleiri en einn efnistökuastaður og/eða haugsetningarstaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m ² .

5 HEIMILDIR

- Alþingi Íslands. Lög um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 (1998). Ísland.
- Alþingi Íslands. (2000). Tillaga til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum. Sótt 11. nóvember 2015, af <http://www.althingi.is/altext/pdf/126/s/0116.pdf>
- Alþingi Íslands. (2016). *19/145*.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016 (2016).
- Ágúst Guðmundsson. (1996). *Ofan Hreppafjalla*. Ferðafélag Íslands.
- Árni Hjartarson. (1988). Þjórsárhraunið mikla - stærsta nútímahraun jarðar. *Náttúrufræðingurinn*.
- Árni Hjartarson og Freysteinn Sigurðsson. (1988). *Lindir í uppsveitum Árnes- og Rangárvallasýslu*. Orkustofnun vatnsorkudeild.
- Ásborg Arnþórsdóttir. (2016a). *Ársverk í ferðaþjónustu*.
- Ásborg Arnþórsdóttir. (2016b). Gististaðir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
- Ásborg Arnþórsdóttir. (2016c). Upplýsingar um fjölda heimsóknna í Þjórsárstofu.
- Emmanuel Pagneux. (2015). *Útbreiðsla flóða í Hvítá og fleiri ám - óbirt gögn*. <https://doi.org/Veðurstofa Íslands>
- Gísli Gestsson. (1956). *Árbók Ferðafélag Íslands 1956*. Ferðafélag Íslands.
- Guðmundur Kjartansson. (1952). Meira um Rauðhól. *Náttúrufræðingurinn*, 22.
- Guðni Guðbergsson Veiðimálastofnun. (2016). *Ár og veiði í Hrunamannahreppi*.
- Gylfi Guðmundsson. (2012). Skeiðaáveitan. *Dagskráin*.
- Hagstofa Íslands. (2015). Endurskilgreining Hagstofu Íslands á þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum Jórunn Íris Sindradóttir.
- Hagstofa Íslands. (2016a). *Fjöldi gistinátta í Skeiða- og Gnúpverjahreppi*.
- Hagstofa Íslands. (2016b). Hagstofa Íslands. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN02001.px/
- Hagstofa Íslands. (2017). Búfé 2017.
- Haraldur Matthíasson. (1961). *Árnessýsla, Grímsnes og Biskupstungur. Árbók Ferðafélags Íslands 1961*. Ferðafélag Íslands.
- Haukur Tómasson. (1961). *Virkjun Hvítár við Hestvatn*.
- Héraðsnefnd Árnesing bs. (2016). Héraðsnefnd Árnesinga. Sótt 2. mars 2016, af <http://www.heradsnefndarnesinga.is/>
- Hið mikla Þjórsárhraun. (1951, júní 10). *Lesbók Morgunblaðsins*.
- Íslenska gámafélagið. (2009). Breytingar á sorphirðu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
- Jón Eiríksson. (2008). *Jarðabók Skeiðahrepps*. Ungmennafélag Skeiðamanna.
- Landmælingar Íslands. (2014). Sveitarfélög - upplýsingar. Sótt af <http://atlas.lmi.is/sveitarfelog/>
- Landsnet. (2016a). Kerfisáætlun 2016-2025 Umhverfisskýrsla.
- Landsnet. (2016b). Kerfisáætlun Landsnets 2016 - 2025.
- Landsvirkjun. (2017). Hvammsvirkjun, mat á umhverfisáhrifum: Ferðaþjónusta og útivist og landslag og ásýnd lands. Frummatsskýrsla.
- Leikskólinn Leikholt. (2016). Leikskólinn Leikholt. Sótt af <http://www.leikskolinn.is/leikholt/>
- Markaðsstofa Suðurlands. (2017). Áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland. Sótt 12. október 2017, af <https://www.south.is/is/moya/page/dmp>
- Milli Fjalls og fjöru. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 (2006).
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (2015). Jarðfræði. Sótt af <http://www.ni.is/jardfraedi/rannsoknir/>

- Núgildandi rammaáætlun, þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.* (2013). Sótt af <http://www.ramma.is/rammaaetlun/nugildandi-rammaaetlun/>
- Óbyggðanefnd. (2002a). Úrskurður óbyggðanefndar, mál nr. 6/2000, (6).
- Óbyggðanefnd. (2002b). Úrskurður óbyggðanefndar, mál nr. 7/2000, (7).
- Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, & Páll Halldórsson. (2000). Jarðskjálftarnir miklu á Suðurlandi 17. og 21. júní, 2000. Veðurstofa Íslands. <https://doi.org/VÍ-G00011-JA05>
- Ríkislögreglustjóri, & Viðlagatrygging Íslands. (2014). Greining á áhrifum flóða í kjölfar eldgosa í Bárðarbungu. Mikilvæg úrlausnarefni., (2. útgáfa 27.10.2014), 35.
- Rögvaldur Guðmundsson. (2003). *Gæði og gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008.*
- Rögvaldur Guðmundsson. (2012). Íslendingar að stöðum í uppsveitum Árnessýslu.
- Rögvaldur Guðmundsson. (2016). *Hvammsvirkjun - áhrif á ferðaþjónustu, útivist og samfélag.*
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2015). *Árbók sveitarfélaga 2015.*
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur. (2014). Aðalskipulag 2004 - 2016 - breyting vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar.
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur. (2016). Sorpmál | Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Sótt 23. febrúar 2016, af <http://www.skeidgnup.is/efni/sorpmal>
- Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. (2015). Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. Sótt 9. nóvember 2015, af <http://www.sbf.is/>
- Skipulagsstofnun. (2007). *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.* Reykjavík.
- Suðurlandsskógar. (2016). *Fjöldi jarða í skógrækt eða skjólbeltarækt - óbirt gögn.*
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2013). Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Sótt af <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013>
- Vatnsveita Flúða. (2013), 2003–2004.
- Veðurstofa Íslands. (2016). Veðurstöðvar. Sótt 24. febrúar 2016, af <http://www.vedur.is/vedur/stodvar/?t=2#sudurland>
- Vegagerðin. (e.d.). Umferð og slysatíðni. Sótt af <http://umferd.vegagerdin.is/>
- Þjórskóli - ágríp um skólann. (2016). Sótt 23. febrúar 2016, af <http://www.thjorsarskoli.is/index.php/skolinn/agrip-af-sogu>
- (Ögmundur Einarsson; Guðjón Guðmundsson; Guðmundur Tryggvi Ólafsson; Hrefna Bryndís Jónsdóttir. (2009). *Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 - 2020.* Sótt af https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/3308/2009.11.11.undirritud_endanleg_utgafa_af_svaedis_aetlun.pdf?sequence=1

